

Hætta á að sjóðirnir teygi sig of langt

Dósent í hagfræði segir tilefni til að endurskoða ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða. Of hátt viðmið geti ýtt undir áhættusækni. Lægri raunvextir geta flýtt þeirri þróun að sjóðirnir auki enn vægi hlutabréfa.

VIÐSKIPTI „Það hefur ýmsa galla að vera með óraunhæft ávöxtunarviðmið. Einn galli er að menn teygi sig of langt til að ná því og taki of mikla áhættu. Annar galli er að það getur leitt til þess að mismunandi kynslóðir beri mismikið úr bytum úr lífeyriskerfinu,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði. Hann segir tilefni til að endurskoða ávöxtunarviðmið lífeyrissjóðanna.

Íslenskir lífeyrissjóðir núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósentu vexti umfram verðbólgu en líftími eigna þeirra er jafnan styttri en líftími skuldbindinganna. Þegar kemur að því að endurfjárfesta í eignum gæti ávöxtunin sem þeir fá verið lægri en vextirnir sem skuldbindingarnar miða við ef vaxtastig helst áfram lágt.

„Viðmiðið var hóflega reiknað á sínum tíma en síðan þá hafa forsendur gjörsamlega breyst og hugsanlega er það orðið of hátt í dag,“ segir Gylfi. Ekki séu teikn á lofti um að vextir hafi náð botninum hér á landi og ekki útilokað að þeir verði neikvæðir eins og í nágrannalöndum.

„Sjóðirnir hafa verið að auka vægi hlutabréfa og annarra eignaflokka eftir að fjármagnshöftum var aflétt og lækkandi vextir geta flýtt þessari þróun,“ segir Gunnar Baldvínsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyr-

VIÐMIÐIÐ var hóflega reiknað á sínum tíma en síðan þá hafa forsendur gjörsamlega breyst.

Gylfi Magnússon, dósent við-
skiptafræðideld HÍ



issjóðsins. Ekki sé sérstök ástæða til að endurskoða ávöxtunarviðmiðið.

„Ég held að við höfum dottið niður á ágætis fyrirkomulag með því að vera með fasta tölu sem viðmið. Það tryggir ákveðinn stöðugleika,“ segir Gunnar. Þá hefur hann ekki áhyggjur af því að skuldbindingar sjóðanna verði verulega vanmetnar og segir núverandi vaxtastig gefa tilefni til hóflegra væntinga um ávöxtun á næstu árum.

Frá árinu 1981 hafi meðalraun-áavöxtun sjóðanna verið 4,5 prósent á ári. Réttindin hafa hins vegar ekki verið aukin að ráði vegna þess að meðalævi landsmanna hefur lengst á sama tíma. „Til framtíðar er ekki líklegt að sjóðirnir skili að jafnaði ávöxtun umfram viðmiðun sem vegur á móti lengingu á meðalævi landsmanna,“ segir Gunnar.

– pfh / sjá Markaðinn

Breti ráðinn í málflutning

DÓMSMÁL Dómsmálaráðherra hefur ráðið breska lögmanninn Timothy Otty til að flytja Landsréttarmálið ásamt Ríkislögmanni fyrir efri deild Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg í næsta mánuði. Heimildir blaðsins herma að ekki hafi verið eining innan stjórnkerfisins um aðstoð að utan fyrir málflutninginn. Ríkið naut aðstoðar norska lögmannsins Thomasar Horn við greinargerð í málinu sem þegar hefur verið skilað.


Málsaðilum hafa borist frekari spurningar frá MDE sem óskað er að svarað verði við flutning málsins. – aá / sjá síðu 4

Ökumenn í vanda á heiðum

VEÐUR Björgunarsveitir voru að vanda á varðbergi vegna óveðursins í gær. „Eftir hádegi var nokkuð um tilkynningar á Suðurnesjum og í Árnessýslu. Eftir það fóru að berast stakar tilkynningar víðs vegar um landið,“ segir Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar.

Þó nokkuð barst af tilkynningum um ökumenn í vandræðum vegna ófærðar, á Holtavörðuheidi, Vatnsskarði, Hellisheiði og austan við Hveragerði. Einnig var eitthvað um foktjón svo sem í gróðurhúsi á Eyrarbakka og rúðubrot á Höfn.

– khg




Vetrarríkið hefur nú yfirtekið Ísland. Var dimmt og drungalegt í Safamýrinni um kvöldmatarleytið í gær. Sama leiðindaveðrið verður áfram í dag samkvæmt Veðurstofunni. Mjög hvöss vestanátt, einkum sunnan- og vestanlands. Dregur úr veðurofsanum síðdegis í dag en hann mun halda áfram á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Bestar
núna!**

**Krónan
mælir með!**

KRÓNAN

Veður



Vestan 18-25 m í dag, en suðvestan 13-20 um kvöldið. Viða él, en bjartviðri A-lands. Frost yfirleitt 0 til 5 stig. **SJÁ SIÐU 14**



Árið 2019 var heldur slæmt fyrir íslensk hótél. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk hótél komu verst út úr síðasta ári

FERÐAÞJÓNUSTA Ísland kom verst allra Evrópusambands- og EFTA-ríkja út úr ferðamánaárinu 2019 samkvæmt nýjum tölum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Mældar voru hótélgistingar, bornar saman við árið áður.

Aðeins á Íslandi fækkaði gistinóttum í hverjum einasta mánuði, mest var fækkunin í júní, tæp 27 prósent. Skást var ástandið í október en þá fækkaði gistinóttum aðeins um tæpt eitt prósent. Að öllum líkindum vegna fjölgunar asískra ferðamanna.

27%

fækkun var á gistinóttum á Íslandi á milli ára í júní.

Að jafnaði var fjölgun gistinátta á öllu Evrópusambandsvæðinu á árinu eitt til sjö prósent, nema í apríl. Var þá mikil fækkun í Frakklandi sem að einhverju leyti má um kenna miklum mótæmum og brunnum í Notre Dame.

Fjölgun var í flestum stórum Evrópulöndum, svo sem Spáni, Bretlandi og Póllandi. Á Ítalíu fækkaði þó gistinóttum í flestum mánuðum, mest um sex prósent í júní. – khg

Íslandsupplifun



Margir landsmenn flýttu sér heim til að hita sér kakó þegar suðvestan hvassviðrið skall á síðdegis í gær. Það á ekki við þá fjölmörgu ferðamenn sem eru nú hér á landi. Nú á meðan flugferðum frá landinu hefur verið aflýst tímabundið hreiðruðu margir um sig á veitingahúsum líkt og þessir ferðamenn í Lækjargötu. Kann að vera að veðurofsinn og íslenskur matur séu einmitt upplifunin sem leitað er að. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fiski landað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byggðakvóti dregst saman

SJÁVARÚTVEGUR Almennur byggðakvóti fiskveiðiársins 2019/2020 verður 5.374 þorskígildislestir. Er um að ræða samdrátt upp á 797 þorskígildislestir frá fyrra ári.

Alls munu 45 byggðarlög í 28 sveitarfélögum fá úthlutað byggðakvóta. Fjögur sveitarfélög fá hámarksúthlutun sem er 300 þorskígildislestir.

Heildarúthlutun til byggðarlag með færri en 400 íbúa eykst um 20 prósent frá síðasta ári en dregst saman um 22 prósent til þeirra sem hafa fleiri en 400 íbúa. – sar

Rúmlega helmingur Íslendinga fór í keilu

Alls gerði 183.261 einstaklingur sér ferð til þess að spila keilu í Keiluhöllinni í Egilshöll á síðasta ári. Fram undan er 35 ára afmæli staðarins auk þess sem ráðgert er að opna nýjan sal við Skúlagötu á árinu, að fyrirmynd frá L.A.

VIÐSKIPTI Keiluhöllin heldur upp á 35 ára afmæli sitt á þessu ári og segir Andrea Pétursdóttir framkvæmdastjóri að nýliðið ár sé hið stærsta í sögunni. Alls mætti 183.261 einstaklingur upp í Egilshöll og spilaði keilu.

„Þetta eru aðeins þeir viðskiptavinir sem komu í keilu en síðan eru auðvitað enn fleiri sem hafa heim sótt Shake&Pizza, Sportbarinn og einhvern af þeim fjölmörgu viðburðum sem fara fram hér í hverri viku. Við erum þakklát viðskiptavinum fyrir þessa frábæru aðsókn og þökkum hana meðal annars því að við höfum haft það markmið að skapa aðstöðu sem er eins og best verður á heimsvísu,“ segir Andrea.

Auk umfangsmikilla endurbóta á aðstöðunni í Egilshöll undanfarið misseri standa vonir til þess að nýr átta brauta keilusalur við Kex Hostel á Skúlagötu verði opnaður á þessu ári. Að sögn Jóhannesar Ásbjörnssonar, eins eigenda Gleðipinna ehf. sem rekur Keiluhöllina, hefur verið tafist aðeins frá því að greint var frá fyrirætlunum.

Verkefnið hefur haldist í hendur við deiliskipulag reitsins við hliðina þar sem reiknað er með að Radisson Red-hótel risi eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær.

„Við sjáum fyrir okkur að mæta keilupörf íbúa í miðbænum og nágrenni sem hingað til hafa þurft að leggja á sig töluvert ferðalag til að komast í keilu í Reykjavík, og eins ferðamanna í miðbæ Reykjavíkur. Keiluhöllin nýja verður útlitslega í anda Kex Hostels og fyrirmyndin er elsti keilusalur sem starfræktur er í Los Angeles, Highland Park Bowl,“ segir Jóhannes.



Jóhannes og Andrea skora á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Dag B. Eggertsson borgarstjóra í keilu í tilefni af 35 ára afmæli Keiluhallarinnar.

Okkur Andreu finnst við hæfi að nýta tækifærið og skora opinberlega á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Dag B. Eggertsson borgarstjóra að taka einn léttan keiluleik við okkur.

Jóhannes Ásbjörnsson

Eins og áður segir fagnar Keiluhöllin 35 ára afmæli sínu þann 1. febrúar næstkomandi. Við opnunina á sínum tíma spreyttu Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, og Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, sig í keilu. Afmælinu verður meðal annars fagnað með viðburði sem á sér tilvísun í keilutakta Steingríms og Davíðs.

„Okkur Andreu finnst við hæfi að nýta tækifærið og skora opinberlega á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Dag B. Eggertsson borgarstjóra að taka einn léttan keiluleik við okkur á 35 ára afmælinu okkar í febrúar, þau fá formlegt boðskort bjornth@frettabladid.is

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

JANÚAR UTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.490 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.590 KR. m²

KÄHRS VIÐARPARKET

3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.190 KR. m²

VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ 3.990 KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30x60 cm VERÐ FRÁ 3.990 KR. m²

RINGO INNIHURDIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ

VERÐ FRÁ 29.990 KR.

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM

Birgisson[®]

Ástandið hvorki sjúklingum né starfsfólki bjóðandi til lengdar

HEILBRIGÐISMÁL „Það er oft gríðarlegt álag á bráðamóttökunni og ég dáist að því starfsfólki sem þar starfar. En auðvitað er slíkt álag hvorki sjúklingum né starfsfólki bjóðandi til lengri tíma,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Ástandið á bráðamóttökunni hefur verið til umræðu í kjölfar viðtals við Má Kristjánsson yfirlækni í Læknablaðinu. Þar segist Már Óttast að stórslys sé í aðsýgi. Þá hefur verið

greint frá því að í nóvember hafi maður látist heima hjá sér skömmu eftir að hafa verið útskrifaður af bráðamóttökunni. Atvikið var upphaflega ekki skráð og tilkynnt landlækni.

„Ég tek undir áhyggjur landlæknis af vanskráðum atvikum. Það er raunar á mælisvert að ferlar séu ekki virtir í slíkum tilvikum,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Páll staðfestir að atvikið

hafi nú verið skráð. Það sé sérstakar ástæður að baki því að það hafi ekki verið gert strax en hann geti ekki tjáð sig nánar um þær.

„Hugur okkar er hjá aðstandendum. Þetta mál er í skoðun en það er ljóst að í miklu álagi er aukin hætta á alvarlegum atvikum. Það er áhyggjuefni sem og aðstæður allra á bráðamóttökunni þegar verst lætur,“ segir Páll. Óvæntum alvarlegum atvikum á spítalanum sé að

Þetta mál er í skoðun en það er ljóst að í miklu álagi er aukin hætta á alvarlegum atvikum.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

fækka en það eru aðstæður sem leiða til eða hefðu getað leitt til andláts eða alvarlegs skaða. Fækkunina megi ekki rekja til vanskráninga enda sé skráning atvika að batna.

Fyrstu tíu mánuðina 2019 voru skráð níu alvarleg atvik á spítalanum en þau voru 13 á sama tímabili árið áður. „Fjöldi þeirra er sambærilegur við sambærileg sjúkrahús erlendis.“

– sar / sjá nánar á frettabladid.is

Þurfa fjármagn til loðnuleitar

SJÁVARÚTVEGUR Þörf er á auknum fjármunum til loðnuleitar og rannsóknna á loðnu ef ekki á að verða mikið tjón fyrir sveitarfélög sem reida sig á loðnuveiðar.

Þetta segir Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Fiskimiða ehf. og formaður SFS. Engin loðnuveiði var í fyrria en útflutningsverðmætið er upp á 15 til 20 milljarða króna.

Tvö loðnulaus ár þýða stór högg fyrir samfélög á borð við Langanesbyggð, Vopnafjörð, Fjarðabyggð, Hornafjörð og Vestmannaeyjar. Bæjarráð Vestmannaeyja og Fjarðabyggðar hafa lýst yfir þungum áhyggjum af stöðunni.

Loðnan er ekki bara fiskur sem við erum að nýta í veiðum, heldur er hún einnig einn mikilvægasti hlekkurinn í fæðukeðjunni.

Jens Garðar Helgason, formaður SFS



„Umhverfið er að breytast; hitastig í sjó er að hækka og loðnan er mjög viðkvæm fyrir breytingum í hafinu og er að haga sér ódrúvisi nú en hún hefur gert síðustu ár og áratugi,“ segir Jens Garðar.

Hann segir að til skemmri tíma þurfi stjórnvöld að koma með aukna fjármuni næstu daga og vikur inn í loðnuleit til þess að hægt sé að fara að leita að loðnunni.

Til lengri tíma þurfi að leggja áherslu á loðnurannsóknir.

„Það er munur á loðnurannsóknunum og loðnuleit. Loðnan er ekki bara fiskur sem við erum að nýta í veiðum, heldur er hún einnig einn mikilvægasti hlekkurinn í fæðukeðjunni í hafinu hér við Íslandstrendur.“ – illk

Breskur lögfræðingur ráðinn til að flytja Landsréttarmálið

Íslenska ríkið hefur ráðið Timothy Otty til að flytja Landsréttarmálið ásamt Ríkislögmanni fyrir efri deild Mannréttindadómstóls Evrópu í febrúar. Norskur lögmaður veitti ríkinu ráðgjöf við greinargerð. MDE hefur bætt við spurningum um málsmeðferð og málflutning þáverandi ráðherra í málinu.

DÓMSMÁL Breski lögmaðurinn Timothy Otty mun flytja mál Íslands fyrir efri deild Mannréttindadómstóls Evrópu 5. febrúar næstkomandi ásamt Ríkislögmanni. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins úr íslenska stjórnkerfinu en einnig er greint frá þessu á vefsíðu Blackstone Chambers í London.

Otty hefur töluverða reynslu af málflutningi fyrir alþjóðlegum dómstólum. Hann hefur flutt og unnið mál gegn dauðarefsingu í Tyrklandi, um réttindi fanga sem haldið var í Guantanamo-búðunum og um réttindi samkynhneigðra í ríkjum Breska samveldisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Otty verið ráðinn til að vinna með Ríkislögmanni að málinu en ekki hefur verið staðfest hvort hann muni flytja málið einn í Strassborg. Heimildir blaðsins herma að hvorki hafi verið eining um þessa ráðstöfun innan stjórnkerfisins né ríkisstjórnarinnar en ákvörðunin er dómsmálaráðherra sem ber ábyrgð á málinu þótt Embætti ríkislögmanns heyrir undir forsætisráðuneytið.

Þetta er ekki fyrsti erlendi lögmaðurinn sem kemur að málsvörn íslenska ríkisins í Landsréttarmálinu en Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir staðfesti við Fréttablaðið í nóvember síðastliðnum að norski lögfræðingurinn Thomas Horn veitti Ríkislögmanni ráðgjöf í málinu bæði vegna greinargerðar ríkisins og málflutnings. Hún áréttaði þá að Ríkislögmaður hefði enn forræði á málinu. Ekki náðist í Áslaugu Örnunni við vinnslu þessarar fréttar.

Greinargerðum bæði ríkisins



Landsréttarmálið er annað málið frá Íslandi sem verður flutt munnlega í efri deild MDE í Strassborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Timothy Otty.

og kæranda hefur verið skilað til dómstólsins en skömmu fyrir jóli sendi dómstóllinn málsaðilum viðbótarspurningar sem óskað er að svarað verði við málflutninginn. Meðal annars er spurt um lista yfir 24 umsækjendur sem þáverandi dómsmálaráðherra kvaðst, í svörum sínum um málið á Alþingi, hafa valið dómaraefni sín úr, í stað

þess að skipa þá fimmtán sem dómnefndin taldi hæfasta. Vildi ráðherra með vísan til þessa sýna fram á að hún hefði fullnægt rannsóknarskyldu sinni er hún breytti út af niðurstöðu dómnefndar.

Dómstóllinn spyr hvort dómarráðgjafi hafi unnið lista með 24 nöfnum í aðdraganda skipunarinnar. Hafi ráðherrann gert það er óskað afhendingar á honum og sönnunar á því hvenær hann var búinn til. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um hvaða rök ráðherra færði fyrir vali á dómaraefnunum fimmtán úr hópi þeirra 24 sem voru á lista hennar.

Auk spurninga um meintan lista ráðherra er óskað upplýsinga um

endurupptökuheimildir íslenskra dómstóla og hvort gildandi málsmeðferðarheimildir veiti heimild til endurupptöku sakamála í kjölfar niðurstöðu dómstólsins í Strassborg.

Þá er einnig óskað eftir túlkun ríkisins á bráðabirgðaákvæði laga um dómstóla um skipun Landsréttar í fyrsta sinn og aðkomu Alþingis að því.

Spurt er hvort synjun Alþingis á skipun tiltekins dómaraefnis hefði leitt til nýrrar málsmeðferðar ráðherra um öll dómaraefnin eða hvort ráðherra hefði í slíku tilviki þurft að leggja til annað dómaraefni í stað þess sem hafnað var.

adalheidur@frettabladid.is

VELDU VELLÍÐAN

Komdu til okkar í heilsufarsmælingu

Á NÝJU ÁRI



Veldu vellíðan á nýju ári og komdu til okkar í heilsufarsmælingu í Lág múla eða á Smáratorg.

Afgreiðslutímar alla virka daga

Lág múli: 8:00–16:30

Smáratorg: 8:00–12:30

lyfja.is

Útsala

Allt að 70%
afsláttur*

*Gildir ekki af sérpöntunum.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Ríkisjörð verði gáttin að fuglapparadís

Landgræðsla ríkisins tekur við ríkisjörðinni Langekru til að endurheimta votlendi. Rangárþing ytra fékk íbúðarhúsið keypt á sex milljónir og hyggst færa það Oddafélaginu sem vill efla hina sögufrægu nágrannajörð Odda sem miðstöð menningar og fræðslu.

UMHVERFISMÁL Landgræðslan tekur yfir land jarðarinnar Langekru á Rangárvöllum sem liggur að friðlandinu Oddaflóði.

Síðasti ábúandinn á ríkisjörðinni Langekru lést á árinu 2015. Þar eru 57 hektarar af ræktaðu landi en jörðin er að stórum hluta í óskiptu landi með sögustadnum Odda. Steinsnar er milli íbúðarhúsanna á þessum tveimur jörðum.

Að því er fram kemur í minnisblaði sem tekið var saman í Rangárþingi ytra er Langekra að mestu mólendi og túnin blaut.

„Landið myndi að hluta til henta mjög vel til endurheimtar votlendis og með því að lagfæra gamla íbúðarhúsið væri komin frábær bækistöð fyrir uppbyggingu fuglaskoðunaraðstöðu gagnvart friðlandinu í Oddaflóðum og fornleifarannsókn-um og uppbyggingu í Odda,“ segir í minnisblaðinu. Oddaflóð eru vestur og suður af Langekru og Odda.

„Mikilvægur þáttur í Oddarannsóknnum eru greiningar og uppgröftur svokallaðra Sæmundarhella eða Nautshella en þeir liggja einungis nokkra tugi metra frá íbúðarhúsinu í Ekru,“ segir áfram í minnisblaðinu. Oddafélagið hafi samið við Fornleifastofnun um fornleifarannsóknir í Odda í samstarfi við Minjastofnun. „Fræðimenn aðrir, meðal annars frá Háskóla Íslands, gætu átt innhlaup í Ekru og þetta yrði í raun gáttin að friðlandinu í Oddaflóðum, votlend-



Oddafélagið vinnur að endurreisn menningar- og fræðaseturs á Odda og er ætluð bækistöð í Langekruhúsinu.

issetur og fuglaskoðunarparadís.“

Þá segir að með því að fylla í suma þá lélegu skurði sem séu í Ekru landinu fái votlendið að ráða ríkjum eins og margir þrái. „Landgræðslan leikur einmitt lykilhlutverk í endurheimt votlendis og samstarfssamningur við Oddafélagið og sveitarfélagið Rangárþing ytra væri

farsæl leið til að fóstora vel ríkisjörðina Langekru.“

Fjármálaráðuneytið samþykkti í maí 2018 að umráð jarðarinnar yrðu færð til Landgræðslunnar í tengslum við endurheimt votlendis í samræmi við sóknaráætlun í loftslagsmálum. Landgræðslan hygðist ráðast í kolefnismælingar og svo

endurheimt votlendis og bindingu kolefnis.

Kvaðst ráðuneytið einnig tilbúið til að selja Rangárþingi ytra íbúðarhúsið á Langekru. „Slik sala yrði þó að byggja á hlutlægu verðmati sem tæki mið af markaðsverðmæti eignarinnar,“ segir í svarbréfi ráðuneytisins sem síðar samþykkti

» Oddaflóð var friðlýst árið 1994. Votlendi með miklu fuglalífi. Stærð friðlandsins er 568,4 hektarar.

verðmat umsvifamikils fasteignasala á Suðurlandi upp á sex milljónir króna. Opinbert fasteignamat var hins vegar 24 milljónir króna.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í desember vill meirihluti sveitarstjórnar færa Oddafélaginu íbúðarhúsið að gjöf en minnihlutinn leggur hins vegar til að félagið fái húsið til umráða en ekki til eignar. Oddafélagið vinnur að endurreisn menningar- og fræðaseturs á Odda.

„Hugmyndin hefur alltaf verið að Oddafélagið myndi taka við húsinu og laga það til þannig að það nýttist meðal annars sem bækistöð fyrir fornleifafræðinga sem vinna að Oddarannsókn, fyrir fornleifaskólan og fleiri spennandi verkefni sem öll miða að því að gera Odda að miðstöð menningar að nýju. Þetta væri þá eins konar bækistöð og lítið fræðasetur – kannski fyrsti vísir að Sæmundarsetri í Odda,“ segir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri. gar@frettabladid.is

PHILIPS

MIKILVÆG ÖRYGGISVIÐVÖRUN:
PHILIPS AVENT-BARNAPIÚTÆKI
MEÐ STAFRÆNNI MYNDAVÉL (SCD620)



Philips hefur, til varúðarráðstöfunar, ákveðið að eigin frumkvæði að innkalla og skipta út Philips Avent-barnapiútækjum með stafrænni myndavél (SCD620) sem framleidd voru frá janúar 2016 til mars 2018.

Vörurnar sem um ræðir bera eftirfarandi vörunúmer: SCD620. Þau tæki sem um ræðir bera raðnúmer sem byrja á eftirfarandi fjórum stöfum:

- TM5AYYWWXXXXXX
- TM5BYWWXXXXXX
- TM5CYWWXXXXXX

Í undantekningartilvikum getur rafhlaðan í aðalstöðinni ofhitnað þegar hún er í hleðslu. Þetta getur hugsanlega haft eldhættu í för með sér.

Þú getur kannað hvort þetta á við um þína vöru með því að hringja í norsku þjónustudeildina í síma +47 22 97 19 50 (á milli kl. 08:00 og 16:00 að norskum tíma eða á milli kl. 07:00 og 15:00 að íslenskum tíma) með vöruna við höndina svo hægt sé að ákvarða hvaða lausn hentar þér. Ef þetta á ekki við um þína vöru getur þú haldið áfram að nota hana áhyggjulaust.

Þessi innköllun að frumkvæði Philips undirstrikar áherslu fyrirtækisins á að fylgja ströngustu kröfum um gæði og áreiðanleika. Við þökkum skilninginn og biðjumst afsökunar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.



Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. NORDICPHOTO/GETTY

Allar aðgerðir löglegar

BANDARÍKIN Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að ákvörðunin um að ráða íranska hershöfðingjann Qasem Soleimani af dögum sé „algjörlega lögleg“. Á blaðamannafundi í gær vildi Pompeo ekki svipta hulunni afsönnunargögnum sem lágu til grundvallar ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að ráða Soleimani af dögum.

Mohammad Zarif, utanríkisráðherra Írans, segir vígið á Soleimani jafngilda stríðsyfirlýsingu. Bætti hann við að svar Írans yrði á „lögleg skotmörk“. Mikill fjöldi kom saman við útför Soleimani í fyrradag og létust um 50 manns í troðningi í heimbæ hans Kerman.

CNN hefur eftir embættismönnum að Bandaríkjamenn séu búnir að setja sig í stellingar til að skjóta niður dróna sem kynnu að fljúga frá Íran. Hefur bandaríska leyniþjónustan orðið vör við mikla her-

» Mohammad Zarif, utanríkisráðherra Írans, segir vígið á Soleimani jafngilda stríðsyfirlýsingu.

gagnaflutninga innan Írans, kann það að gefa til kynna að Íranir séu að búa sig undir árás frá Bandaríkjamönnum.

Washington Post greinir frá því að Pompeo hafi þrýst á Trump síðustu mánuði um að ráða Soleimani af dögum. Pompeo segir ákvörðunina í fullkomnu samræmi við aðrar aðgerðir Bandaríkjanna gegn Íran. Varðandi ummæli Trumps um að eyðileggja menningarverðmæti í Íran sagði hann að allar aðgerðir yrðu í samræmi við alþjóðalög. Bætti hann svo við að Íranir sjálfir hefðu staðið fyrir eyðileggingu á persneskri menningu. – ab

Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep® umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep® Compass Limited hlaðna lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

AFMÆLISTILBOÐ

5.990.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN



JEEP® COMPASS LIMITED

FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsætum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómflutningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hö. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Árekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18" álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstilltur hraðastillir
- Leggur sjálfur í stæði

Harmsögur Landspítala



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Bráðamóttakan er sprungin og stórslys er í aðsögu. Þetta sagði Már Kristjánsson, yfirlæknir á Landspítalanum, í nýjasta tölublaði Læknablaðsins og lýsti þungum áhyggjum af stöðu mála. Hann benti á að fjöldi innliggjandi sjúklinga hefði þrefaldast á aðeins tveimur árum og að með þessu áframhaldi muni bráðamóttakan ekki lengur geta tekið á móti öllum sem þangað leita.

Í framhaldi af greininni í Læknablaðinu birtist viðtal við konu sem missti eiginmann sinn í kjölfar ótímabærrar útskriftar af bráðamóttöku í nóvember. Álagið var of mikið til þess að hægt væri að sinna manningun og hann lést á heimili sínu, í höndum eiginkonu sinnar, skömmu síðar. Landspítalinn tilkynnti ekki um atvikið fyrr en það rataði í fjölmiðla.

Það er þyngra en tárur taki að sjá fréttir sem þessar og harmsögur úr ranni Landspítala eru því miður allt of algengar. Ítrekað er bent á brotalamir í tengslum við rektur spítalans en þær ráðstafanir sem gripið er til virðast oft aðeins tímabundnar og fá skref stigin í átt að raunverulegum úrbótum.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra lét hafa eftir sér í fjölmiðlum í vikunni að hún harmaði „það sem gerðist“ en gæti þó ekki „hagað seglum eftir fyrirsögnun fjölmiðla“. Vandí bráðamóttökunnar yrði ekki leystur á einni nóttu.

Vandinn verður vissulega ekki leystur á einni nóttu en hann er langt frá því að vera nýr af nálinni. Auk þess sem andlát er tæplega aðeins fyrirsögn í fjölmiðlum. Til undirstrikunar á því slæma ástandi sem nú virðist ríkja lýsti formaður hjúkrunnarráðs því yfir í vikunni að hvorki væru nógu mörg rúm né salerni fyrir sjúklinga á háannatímum og að dæmi væru um að fólki væru færðar erfiðar fréttir í miklum þrengslum. Slíkt ástand verður að teljast með öllu óásættanlegt. Þá er það sömuleiðis óþóðlegt að fólki sé veitt meðferð í sjúkrabilum vegna plásslaysis á spítalanum og síðan látið dýsa í sjúkrarúmum frammi á gangi.

Ráðuneyti Svandísar tilkynnti nýverið um aðgerðir til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, meðal annars með lækun komugjalda. Slíkar aðgerðir þjóna hins vegar litlum tilgangi ef fólki er vísað frá heilbrigðiskerfinu jafnarðan. Heildarmyndin er það sem mestu máli skiptir í þessu samhengi enda er hér um að ræða stærsta vinnustað landsins, og stað sem langflestar munu einhvern tímann á lífsleiðinni þurfa að leita til.

Ábyrgðin er mikil og ráðamenn verða að koma sér upp úr skotgröfunum og gripa til aðgerða. Áhyggjuráddirnar eru háværar og nú er kominn tími til að hlusta – og stiga skref í átt að varanlegri lausn. Ef aðrar þjóðir geta það, getum við það.



Vandinn verður vissulega ekki leystur á einni nóttu en hann er langt frá því að vera nýr af nálinni.

Halldór



Frá degi til dags

Leyndó

Ríkið á það til að seilast langt til að koma í veg fyrir að almenn-ingur viti hvað embættismenn eru að bralla. Störfleglegt dæmi um þetta er ný ákvörðun úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem staðfest er synjun dómsmálaráðuneytisins um afhendingu skjals sem tengist Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Skjalið er víst agalega leynilegt og því best að forða almennig frá upplýsingunum sem í því leynast. Sama skjal hefur hins vegar verið aðgengilegt öllum heiminum á netinu síðan árið 2013. Er það fin lesning fyrir alla með svefnörðugleika.

Vilja ekki Guðna

Guðni Th. Jóhannesson verður ekki forseti mikið lengur ef marka má nýjustu könnun Útvarps Sögu. Þar segjast 73 prósent ekki vilja hann aftur í framboð. Hið merka vefrit Fréttatíminn tefldi einnig niðurstöðunum fram. Fram til þessa hefur enginn felst sitjandi forseta, Ólafur Ragnar dró framboð sitt til baka síðast þegar hann mældist með lítið fylgi í könnunum. Enginn annar frambjóðandi er kominn fram á sjónarsviðið, það má hins vegar ekki vanmeta Ástþór. Svo er aldrei að vita nema Davíð Oddsson vilji reyna að ná ofar en í fjórða sæti í þetta skiptið. arib@frettabladid.is

Sofum betur – lifum betur



Alma Dagbjört Möller
landlæknir

Það verður æ ljósara hve góður svefn er mikilvægur heilsu okkar. Áður fyrr var það misskilin dyggð að sofa lítið en nú er vitað að ónógur svefn hefur viðtæk áhrif á heilsu okkar til hins verra, bæði til skemmri og lengri tíma. Í frábærri bók Matthew Walker, Why we sleep, er áhrifum góðs svefns án lyfja lýst þannig:

„Góður svefn lengir líf. Hann bætir minni og sköpunargáfu. Bætir útlit og hjálpar okkur að halda kjörþyngd. Virkar fyrirbyggjandi gegn krabbameinum og heilabilun. Eflir ónæmiskerfið. Minnkar áhættu á hjarta- og heilaáfallum auk sykursýki. Stuðlar að hamingju og vinnur gegn þunglyndi og kvíða.“ Við ættum því öll að setja svefninn í forgang.

Samkvæmt lýðheilsuvísun Embættis landlæknis sofa Íslendingar of lítið. Ungmenni þurfa 8-10 klukkustunda svefn en rúm 70% framhaldsskólánema sofa minna eða jafnt og sjö klukkustundir að jafnaði og um 40% nema í 8.-10. bekk. Fullorðnir þurfa 7-8 stunda svefn en tæp 30% sofa minna eða jafnt og sex klukkustundir.

Til að sofa vel er reglusemi mikilvæg, að sofa og vakna á sama tíma alla daga, líka um helgar. Flestir þurfa að forðast koffín í marga klukkutíma fyrir háttatíma og skjánotkun í að minnsta kosti tvær stundir. Regluleg hreyfing bætir svefn en ekki er skynsamlegt að hreyfa sig af ákefð skömmu áður. Útvera er góð, ekki sist að njóta birtu/sólarljóss fyrri hluta dags. Þá er mikilvægt að skapa sér svefnvænt umhverfi, að takast á við áhyggjur og kvíða og gefa sér tíma til að slaka á fyrir svefninn, til dæmis fara í heitt bað. Ef þessi einföldu ráð duga ekki ætti að leita til heimilislæknis. Minnt er á að svefnlyf eru einungis ætluð til skemmri tíma notkunar og að afengi rýrir verulega gæði svefns. Sjá nánar um svefn á heilsuvera.is.

Ég óska landsmönnum gleðilegs árs og góðs svefns!



Til að sofa vel er reglusemi mikilvæg, að sofa og vakna á sama tíma alla daga, líka um helgar.

Búningar í úrvali

Fyrir ýmis tilefni!

HOKUS

www.hokuspokus.is

Eldsneytissóun og mengun í boði stjórnvalda



Reynir Gunnarsson
trillukarl í
Grindavík

Nú er lokið aðalfundi Lands sambands smábátæigenda sem haldinn var á Grand hóteli í Reykjavík dagana 17. og 18. október og var fundurinn að mestu pappírslaus þar sem reynt var að sporna við niðurrifi skóga og minnka mengun þar af leiðandi (sem er bara hið besta mál).

Samtök í dauðri hugmyndakrisu

En skoðum aðeins þær tillögur sem fundurinn samþykkti varðandi strandveidar sem framundan eru (ekki voru þær gæfulegar). Þær eru nánast óbreyttar frá því sem verið hefur nema að fundurinn krefst þess að veiðitímabilið verði lengt í báða enda og bætt við einum degi í viku til róðra, verði sem sagt fimm í staðinn fyrir fjóra (meiri eldsneytis-eyðsla – meiri mengun).

Það er stórmerkilegt að ekki skuli koma fram aðrar tillögur því að á aðalfundi 2018 mátti finna eftirfarandi texta: Aðalfundur L.S. samþykkir að strandveidikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveidibáta. (Það er spurning hvort það eigi að gerast á næstu 20 árum en þá er líka útlit fyrir að kerfið verði liðið

undir lok þar sem ekki verður um nýliðun að ræða með núverandi tillögum L.S.) Ekki er að sjá að tillögur aðalfundar L.S. 2019 bæti afkomu útgerða strandveidibáta. Innan forystu Lands sambands smábátæigenda virðast fáir spá í hvort hægt væri að draga úr eldsneytisnotkun og minnka mengun í þessu strandveidikerfi. Þar hjakka menn í sömu bárunni og komast ekkert áfram.

2,3 milljónir lítra

Á síðustu strandveiðivertíð sem lauk í enda ágúst fóru strandveidibátar 15.774 róðra samkvæmt gögnum fiskistofu. Ef við gefum okkur það að meðal eldsneytisnotkun hafi verið 150 lítrar á bát í róðri (sem ég tel vera mjög hóflega áætlun) og margföldum það með róðraföldanum þá er verið að tala um 2.366.100 – tvær milljónir þrjúhundruð sextíu og sex þúsund og eitthundrað lítra sem strandveiðiflotinn fór með í olíu til að ná í 10 þúsund tonn. (Það er bara stórvirkur togari sem færi með meira eldsneyti til að ná í þennan afla.) En málið snýst ekki um það. Það snýst um að draga úr eldsneytisnotkun og minnka mengun strandveiðiflotans eða er það ekki það sem allt snýst um í dag? Eða eigum við bara að horfa í hina áttina og láta sem við sjáum þetta ekki. Eða er það hið besta mál að eyða sem mestu eldsneyti í þetta (olíufélögin myndu ekki hafa neitt á móti því)? Strandveidisjómenn labba bara upp í hlið og gróðursetja nokkur tré í staðinn. En er það svo? Það held ég ekki.



Innan forystu Lands sambands smábátæigenda virðast fáir spá í hvort hægt væri að draga úr eldsneytisnotkun og minnka mengun í þessu strandveidikerfi. Þar hjakka menn í sömu bárunni og komast ekkert áfram.

50 – 60% sparnaður

Með breyttu strandveidikerfi mætti minnka þetta magn um 50–60%.

Strandveidikerfið er eina kerfið innan fiskveiðikerfisins á Íslandi þar sem ekkert er gert í því að reyna að minnka eldsneyti og þar af leiðandi mengun. Aðrir útgerðaflokkar eins og togarar, uppsjárskip, dragnot, nýjustu línubátar, þar er reynt að ná meiri hagkvæmni í eldsneyti og minni mengun. Í strandveiði hvetja stjórnvöld til eldsneytis-eyðslu og mengunar með óbreyttu strandveiðifrumvarpi.

Er það bodlegt, með tilliti til þeirrar umræðu sem er í gangi í Þjóðfélaginu í dag um mengun og kolefnaspor og sotspor þar og alstaðar, þá er þetta strandveidikerfi það vitlausasta sem fundið hefur verið upp með tilliti til þessa þáttar.

Er þetta skynsemi?

Eflaust eru einhverjir sem sjá skynsemi í að eyða sem mestu elds-



neyti og menga sem mest til að ná í strandveidikvótann. Allavegana virðist forustusveit Lands sambands smábátæigenda og stór hluti strandveidimanna ekki sjá ástæðu til að horfa á þennan þátt og koma með tillögur til úrbóta.

1 – 1,5 milljónir lítra

Það er hægt að minnka eldsneytisnotkun um ca. 1 – 1,5 milljónir lítra með bættu strandveidikerfi sem yrði hagstætt fyrir land og þjóð. Minna eldsneyti þyrfti að flytja til landsins, þar minnkar mengun líka því dallurinn sem flytur eldsneytið mengar líka. En hvort áhugi er fyrir því hjá ráðamönnum þjóðarinnar að koma þessu í betra horf, það á eftir að koma í ljós. Allavegana talar Alþingi um að allt sé að fara til andskotans vegna dísilmenningar í landinu. Það er kannski ekkert að marka þá umræðu sem fer fram á Alþingi þar sem rætt er um að allir eigi að vera svo umhverfisvænir og grænir. Það hlýtur að vera krafa almenn-

ings í landinu og þeirra sem hafa farið út í rafvæðingu og þeirra sem láta sig þessi mál varða að Alþingi gangi í fararbroddi og breyti strandveiðilögum með þeim hætti að sparnaður náist í eldsneytisnotkun í strandveidum og þar af leiðandi minni mengun fyrir land og þjóð.

Í framhaldi af þessari grein hef ég sett fram hugmynd að breyttu strandveidikerfi (sem birt verður síðar) sem myndi verða hagkvæmt fyrir bæði strandveidisjómenn og þjóðina í heild sinni. Ég veit hins vegar að þetta mun falla í grýttan jarðveg á mörgum stöðum.

En eru það ekki heildaráhrifin sem þarf að horfa á?

Eru strandveidisjómenn tilbúnir að láta lönd og leið þá mengun sem þeir valda?

Eða eru þeir tilbúnir að horfa í eigin barm og gera betur sjálfum sér og öðrum til heilla?

Er Alþingi Íslendinga tilbúið að horfast í augu við veruleikann og breyta til hins betra?

Veldu rafmagn. Veldu stíl.

Eigum bíla til afgreiðslu.



KONA

RAFMAGN frá Hyundai

Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhæmlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

KONA Comfort EV 2WD, 39 kWh, drægi 289 km*
KONA Premium EV 2WD, 64 kWh, drægi 449 km*

Verð 4.590.000 kr.
Verð 5.890.000 kr.

 **HYUNDAI**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA
RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

Komin með Ólympíufara í þjálfun

Silja Úlfarsdóttir fékk þá hugdettu fyrir ári að skapa vettvang fyrir afreksíþróttafólk til að aðrir gætu séð hvað það er erfitt að komast á Ólympíuleikana í Tókýó. Úr varð vefsíðan Klefinn.is þar sem aðsóknartölur fóru strax fram úr villtustu draumum hennar.

ÍPRÓTTIR Vefsíðan Klefinn.is var opnuð í gær þar sem margt af fremsta afreksíþróttafólki Íslands veitir innsýn í líf sitt í aðdraganda Ólympíuleikanna 2020 í Tókýó. Silja Úlfarsdóttir á hugmyndina ásamt Andra Úlfarssyni og ákváðu þau að búa til samfélag með þeim íþróttamönnum sem stefna á Ólympíuleikana.

Þau fengu ellefu íþróttamenn til að byrja með úr sjö íþróttagreinum til að segja frá venjulegum degi í sínu lífi, sorgum og sigrum og í hverju þau lenda.

„Forsagan er að ég hitti þrjá sundmenn, sem ég kannaðist við, í ræktinni í fyrra. Ég spurði hvort þeir væru enn að synda og þeir urðu eitthvað vöðalega vandræðalegir. Við spjölluðum eitthvað áfram og ég spurði um styrki þar sem einn svaraði að það væri hart í ári. Síðar komst ég að því að Anton Sveinn McKee hafði verið einn af þessum sundmönnum og helgina áður hafði hann endað á topp 10 á heimsmeistaramótinu. Ég missti kjálkann niður í gólf því ég skammaðist mín svo mikið en áttaði mig á að það er ástand í íþróttahæminum. Það vita allir hvað þessar stóru samfélagsmiðlastjórnur heita, númer hvað þær nota af skóm, hvað þær nota, borða og allt þar á milli en svo veit maður varla hvað afreksíþróttafólk heitir,“ segir Silja.

„Ég heyrði umræðuna um að íþróttamenn ættu erfitt með að fá styrki og gerði mér grein fyrir því að þeir hafa í nægu öðru að snúast en að markaðssetja sjálfa sig. Hugmyndin hafði legið í dvala og þegar umræðan byrjaði aftur varð ekki aftur snúið og við settum þetta upp í nóvember. Ég heyrði í þessum hópi sem þarna er kominn og það var lítið mál að sannfæra þau um að vera með þótt þau þekktu mig ekkert.“

Silja segir að hún hafi ekki verið hrifin af því hvernig umræðan um styrki hafi snúist um íþróttafólk og samfélagsmiðlastjórnur. „Það er held ég alveg pláss fyrir alla á markaðnum. Þessi síða er gerð til að búa til eitthvað fyrir fyrirtæki því þau vilja væntanlega fá eitthvað á móti. Við erum að reyna að hafa það svo að allir vinna.“

Á síðunni má finna fróðleik um hvern og einn íþróttamann,



Silja er formaður Ljónshjarta, varaformaður júdoeildar Ármanns, í mastersnámi á Bifröst og á tvö börn en var að fara að kenna hjólaðar hjá Breiðabliki þegar Fréttablaðið bankaði upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ásdís, Valdís og Ólafía eru meðal þess afreksfólks sem veitir innsýn í líf sitt.

æfingar, æfingadagbækur og gestapennar munu stinga niður penna. Silja sló á þráðinn til Nökkva Fjalars Orrasonar, hjá Swipe, og bað hann um aðstoð en Nökkvi þykir einstaklega fær á samfélagsmiðlum. „Ég fékk örnámskeið fyrir hópinn, um það hvernig þau geta verið á samfélagsmiðlum. Þetta er eiginlega þjálfun og ég er þjálfarinn,“ segir hún og skellir upp úr. benediktboas@frettabladid.is

Þrjár æfingar á dag

Æfingadagur í lífi Guðlaugar Eddu Heimisdóttur þríþrautakonu: Guðlaug Edda æfir þrisvar sinnum á dag. Hún deilir klassískum æfingadegi hjá sér inni í Klefanum.

Sundæfing 08.00-09.15

Syntir alls um 4,5 kílómetrar. Aðalsettið samanstendur af 20x100 metra skriðsundi á starttímanum 1.25.

Hjólaæfing 11.00-13.00

Í heildina hjólaðir 60 kílómetrar, svokallaðir Aerobic sem Guðlaug segir að sé klassísk æfing til að byggja upp þol á hjólinu.

Hlaupaæfing 17.30-19.00

Erfið hlaupaæfing. Fjórir kílómetrar í upphitun. „Eftir upphitun gerðum við dýnamískar teygjur og nokkra 10 sekúndna spretti áður en við förum í aðalsettið. Þennan dag hlupum við 10x800m á hlaupa brautinni, með mínútu hvíld á milli spretta. Eftir það var tekið tveggja kílómetra niðurskott og teygjur áður en ég hélt heim í kvöldmat og hvíld.“



Guðlaug Edda Hannesdóttir leggur ótrúlega mikið á sig til að ná markmiðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eiga allir að vera klárir í slaginn gegn Danmörku

HANDBOLTI Guðmundur Þ. Guðmundsson tilkynnti í gær hvaða 17 leikmenn hann tæki með sér á Evrópumótið í handbolta sem hefst í vikunni. Ein breyting varð á liðinu sem fór til Þýskalands og fékk skell í æfingaleik gegn heimamönnum, Sveinn Jóhannsson, línumaður SönderjyskE, tekur stað Daníels Þórs Ingasonar sem gat ekki gefið kost á sér eftir að hafa fingurbrotnað á æfingu með landsliðinu á dögnum. Í aðdraganda leiksins gegn Þjóðverjum meiddust bæði Daníel Þór og Aron Pálmarsson og þegar í leikinn var komið meiddust Elvar Örn Jónsson og Bjarki Már Elísson en Guðmundur á von á að allir verði reidubúnir á laugardaginn þegar Ísland hefur leik gegn ríkjandi heimsmeisturum Dana.

„Það er alltaf ákveðinn léttir þegar hópurinn er tilbúinn, bæði fyrir



Aron er búinn að ná sér af minni háttar meiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er alltaf ákveðinn léttir þegar hópurinn er tilbúinn.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari

okkur þjálfarana og leikmennina. Við erum að færast nær þessu móti og við erum á fullu að undirbúa okkur eftir góðar æfingar og það er í raun mitt að slaka aðeins á klónni á æfingunum núna í aðdraganda móts. Það gekk allt mjög vel fyrir áramót en svo skulu þessi meidsli á okkur svolítið á einu bretti. Á æfingunni 2. janúar meiðast tveir og svo Bjarki og Elvar í leik tveimur dögum seinna. Sem betur fer lítur þetta bara tiltölulega vel út núna, fyrir utan Daníel, en allir hinir verða tilbúnir í fyrsta leik,“ sagði Guðmundur. – kpt

ESGERÐ
SKÚBB
REYKJAVÍK

Laugarásvegi 1
Njóttu

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. janúar 2020

1. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

**MICHELSEN
1909**

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is



Úrelt viðmið?

Lækkandi vextir skapa áskoranir fyrir íslenska lífeyrissjóði. Getur ýtt undir áhættusækni hjá sjóðunum. Skiptar skoðanir á því hvort endurskoða eigi ávöxtunarviðmið. Lífeyrissjóðir og ríkið þurfa fyrr en síðar að bregðast við vaxandi lífslíkum. »4



»2

GAMMA tapaði 470 milljónum á fyrri árhelmingi

Endurmat á eignum Novus og Anglia þyddi að leiðrétta þurfti afkomu GAMMA sem var um hálfum milljarði verri en áður var talið. Talsvert um innlausnir í sjóðum GAMMA.

»2

Bræðurnir seldu allt sitt í Klakka til Burlington

Vogunarsjóðurinn Burlington keypti í fyrra öll bréf í eigu Sigurðar Valtýssonar og bræðranna Ágústar og Lýðs Guðmundssonar, samtals um sjö prósentu hlut, í Klakka. Kaupverðið nam hundruðum milljóna.

»6

Vextir og nýsköpun

„Til að blása lífi í hagvöxt á ný þarf aukna fjárfestingu í sprotafyrirtækjum og frumkvöðlastarfsemi til að leggja grunn að hagvexti og skapa spennandi og vel borgandi störf í framtíðinni,“ segir Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter.



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND · HAFNARTORG · LEIFSSTÖÐ · KEFLAVÍK

Bakkavararbræður seldu allt í Klakka til Burlington

Félag sem er stýrt af bandaríska vogunarsjóðnum Davidson Kempner gekk í fyrri frá kaupum á öllum bréfum félaga á vegum viðskiptafélaganna Sigurðar Valtýssonar og bræðrana Ágústar og Lýðs Guðmundssonar í Klakka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Kaupin gengu í gegn síðasta vor og fór vogunarsjóðurinn í kjölfar þeirra með um 90 prósent hlut í eignausýslufélaginu.

Félög tengd Sigurði, sem er fyrrverandi forstjóri Exista, og bræðrunum, sem eru oftast kenndir við breska matvælaframleiðandann Bakkavör, voru fyrir sölu næststærstu hluthafar Klakka en samlagður eignarhlutur þeirra í félaginu var þá um sjö prósent. Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um kaupverð hlutarins en samkvæmt heimildum blaðsins hljóp það á hundruðum milljóna króna.

Sem kunnugt er gekk Klakki nýverið frá sölu á öllu hlutafé í Lykli fjármögnun, sem var langsamlega stærsta eign þess, til tryggingafélagsins TM. Áður hafði eignausýslufélagið selt flestar aðrar eignir sínar og má þar meðal annars nefna hluti í VÍS, Símanum, Kviku og Bakkavör.

Bakkavararbræður og Sigurður gagnrýndu á sínum tíma harðlega vinnubrögð Lindarhvals, umsýslufélags sem var falið að halda utan um tugmilljarða stöðugleikaeignir ríkisins, við sölu á átján prósent hlut ríkisins í Klakka haustið 2016 og kvörtuðu meðal annars til Fjármálaeftirlitsins vegna málsins. Félag á þeirra vegum átti þriðja hæsta tilboðið í hlut ríkisins en hluturinn var seldur til hæstbjóðandans, BLM fjárfestinga, dótturfélags vogunarsjóðsins Burlington Loan Manage-



Klakki seldi helstu eign sína, Lykli fjármögnun, til TM á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ment sem er aftur í eigu Davidson Kempner og stýrt af Jeremy Lowe.

Sigurður sagði í samtali við Markaðinn á þeim tíma að ekki hefði staðið steinn yfir steini í söluferlinu. „Þarna var verið að selja eigur ríkisins til sérvalinna aðila. Ekki var reynt að hámarka söluverðið og því er þetta mál alitshnekkir fyrir stjórn Lindarhvals,“ nefndi hann.

Þá kröfðust viðskiptafélagarnir þess jafnframt snemma á síðasta ári að fram færi sérstök rannsókn á ákveðnum þáttum í starfsemi Klakka, líkt og heimilað er í lögum um einkahlutafélög, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

TM keypti Lykil á 9,25 milljarða króna auk þess sem hagnaður eignaleigufyrirtækisins á síðasta ári mun renna til Klakka. Samkomulag tókst um kaupin síðasta haust, í annarri tilraun, en áður hafði slitnað upp úr viðræðum tryggingafélagsins og Klakka sumaríð 2018. Aðspurður sagði Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, í viðtali við Markaðinn í síðasta mánuði að ýmislegt hefði breyst í millitíðinni sem hefði einfaldað samningaviðræðurnar. Sem dæmi hefði eigið fé Lykils minnkað eftir arðgreiðslu til eiganda og þá hefði fækkað í hluthafa-



Lýður og Ágúst Guðmundssonir, stofnendur og stærstu eigendur Bakkavarar.

hópi Klakka. – hae, kij

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang hordur@frettabladid.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

GAMMA tapaði yfir 470 milljónum króna

Endurmat á eignum sjóðanna Novus og Anglia þýddi að leiðrétta þurfti afkomu GAMMA sem var um hálfum milljarði verri á fyrri ársþelmingi í fyrri en áður var talið. Talsvert var um innlausnir í fjárfestingasjóðum GAMMA.

Fjármálafrirtækið GAMMA Capital Management, sem sameinaðist Kviku banka fyrr á árinu, tapaði rúmlega 470 milljónum króna fyrir skatt á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 borið saman við 203 milljóna króna tap á öllu árinu 2018. Eftir skatta nam tapið á fyrri ársþelmingi síðasta árs um 390 milljónum, að því er fram kemur í nýjum og endurútgefnum árs- hlutareikningi GAMMA sem stjórn félagsins samþykkti í byrjun síðasta mánaðar.

Mikið tap GAMMA á tímabilinu kemur til vegna endurmat á stöðu fagfjárfestingasjóðanna GAMMA: Novus og GAMMA: Anglia, sem reyndist mun verri en áður var talið eins og greint var frá í september í fyrri, en áður hafði stjórn félagsins undirritað árs- hlutareikning þar sem fram kom að hagnaður GAMMA á fyrri ársþelmingi hefði verið um 46 milljónir.

Við leiðréttingu á afkomu GAMMA lækkaði eigið fé félagsins um 437 milljónir króna – úr 1.973 milljónum í 1.536 milljónum – sem er að stærstum hluta komið til vegna niðurfærslu á árangurstengdum þóknunum félagsins. Þannig var áður talið að tekjur vegna árangurstengdra þóknana hefðu numið 220 milljónum króna á tímabilinu en samkvæmt endurútgefnum reikningi GAMMA voru slíkar þóknar neikvæðar um 296 milljónir króna. Langtímakröfur á fagfjárfestingasjóði, vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA, námu samtals 717 milljónum um mitt síðasta ár borið saman við 1.612 milljónir króna í árslok 2018.

Í bréfi til sjóðsfélaga Novus, eiganda Upphafsfasteignafélags, í september í fyrri voru þeir upplýstir um að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins væri eigið fé, sem þremur mánuðum áður var metið á um 3,9 milljarða, nú aðeins talið vera um 42 milljónir. Þá var gengi sjóðsins, sem fór hæst í 250 í árslok 2017, lækkað niður í 2 en það bráðabirgðagengi byggði á áformum um milljarð króna viðbótarfjármögnun í formi forgangsskuldabréfs sem kláraðist nokkrum vikum síðar. Sú fjármögnun kom



Gengið var frá kaupum Kviku á öllu hlutafé GAMMA í mars í fyrri.

1.578

milljónir var Kvika búin að greiða af kaupverðinu vegna GAMMA í lok september.

meðal annars frá Kviku, eiganda GAMMA, en bankinn hafði skuldbundið sig til að sölutryggja skuldabréfaútgáfuna að fjárhæð samtals 500 milljónir.

Einu vaxtaberandi skuldir GAMMA um mitt síðasta ár var 660 milljóna króna skuld við Kviku banka en í árslok 2018 námu „skuldir við aðra“ hins vegar 1.078 milljónum króna. Þar var um að ræða skuld við fjárfestingafélagið Stodir sem hafði haustið 2018 veitt GAMMA skammtímalán að upphæð einn milljarður. Lánið var tekið til að bæta lausafjárstöðu félagsins, sem var þá afar bágborin, á sama tíma og viðræður stóðu yfir við Kviku um kaup á öllu hlutafé GAMMA. Samtals nam heildarþóknun – vextir og lántökugjald – Stoda vegna lánsins í kringum 150 milljónum en það var greitt upp að fullu af Kviku skömmu eftir að Samkeppniseftirlitið lagði blessun sína yfir kaup bankans á GAMMA í byrjun mars.

Þegar gengið var frá kaupum Kviku á öllu hlutafé GAMMA var kaupverðið áætlað 2,54 milljarðar. Fyrir félagið greiddi Kvika 839 mill-

ónir í reiðufé en afgangurinn var í formi hlutdeildarskírteina í sjóðum GAMMA og árangurstengdra þóknatekna þegar langtímakröfur á sjóði GAMMA innheimtast. Lægri tekjur GAMMA núna þýðir hins vegar að Kvika greiðir minna fyrir félagið. Í lok september 2019 hafði Kvika greitt um 1.578 milljónir af kaupverðinu og hafði hluti þeirrar fjárhæðar – 200 milljónir – verið lagður inn á sérstakan vörslureikning til að mæta mögulegum kröfum sem bankinn gæti gert vegna kaupanna næstu þrjú árin eftir að þau voru klárað.

Í endurútgefnum árs- hlutareikningi GAMMA má sjá að talsvert var um innlausnir hlutdeildarskírteina í fjárfestingasjóðum félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2019. Þannig námu innlausnir um 547 milljónum umfram sölu í sjóðnum Total Return Fund (TRF) og námu eignir sjóðs, sem tapaði 245 milljónum á tímabilinu, tæplega 1.330 milljónum í júní en sjóðnum var lokað fyrr á árinu og er hann nú í slitameðferð. Í fimm fjárfestingasjóðum GAMMA – TRF, Equity Fund, Credit Fund, Covered Bond Fund og Liquid Fund – voru innlausnir umfram sölu í fjórum þeirra að fjárhæð samtals rúmlega fjórir milljarðar en hrein eign þeirra nam 12,1 milljarði í lok tímabilsins. Fyrir utan sjóðinn TRF hefur rekstur allra fjárfestingasjóðanna verið færður yfir til Júpíters, dótturfélags Kviku. hordur@frettabladid.is

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Blaðið er unnið í samstarfi við FKA – Félag kvenna í atvinnulífinu.

Blaðið verður gefið út þann 23. janúar eða sama dag og árleg viðurkenningarhátíð FKA fer fram, þar sem þrjár konur fá sérstakar viðurkenningar fyrir að hafa verið öðrum konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd. Daginn eftir munu svo viðtöl við þessar framúrskarandi konur birtast í Fréttablaðinu.

Öllum fyrirtækjum og stofnunum sem eru stolt af því að hafa jafnrétti kynjanna í hávegum stendur til boða að taka þátt í þessu blaði með auglýsingu eða umfjöllun.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Opel Grandland X Aktiv

VERTU GRAND Í VETUR!

Verð frá 3.990.000 kr.



Birt með lýrvara um mynd- og textabréng. Birt með mynd er með aukabúnaði.

Aktiv

**pakki að verðmæti 400.000 kr.
fylgir öllum nýjum Grandland X**

- Aukin veghæð
- Toyo harðskelja vetrardekk
- Toppgrind og skíðabogar
- Vetrarmottur
- Aurhlífar
- Árskort á skíðasvæði



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Opel á Íslandi
Reykjavík | Krókhálsi 9
Reykjanesbæ | Njarðarbraut 9

Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

**Bílahúð
Benna**

Kynslóðir geta borið mismikið úr býtum

Lækkandi vaxtastig skapar áskoranir fyrir lífeyrissjóði. Skiptar skoðanir á því hvort endurskoða eigi ávöxtunarviðmið. Hætta á verulegu vanmati á skuldbindingum. Gylfi Magnússon dósent segir ýmsa galla fylgja óraunhæfu viðmiði. Það geti ýtt undir áhættusækni. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna, segir að bregðast þurfi fyrr en síðar við vaxandi lífslíkum.

Porsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Ég held að lækkandi vextir muni hafa áhrif á eignasamsetningu hjá lífeyrissjóðum eins og öðrum fjárfestum. Sjóðirnir hafa verið að auka vægi hlutabréfa og annarra eignaflokka eftir að fjármagnshöftum var aflétt og lækkandi vextir geta flýtt þessari þróun, segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, sem telur ekki ástæðu til að endurskoða 3,5 prósent ávöxtunarviðmið íslenskra lífeyrissjóða.

„Þetta er mjög flókin staða út frá hagfræðilegum og pólitískum sjónarhóli,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands og formaður bankaráðs Seðlabankans. Hann segir tilefni til að endurskoða ávöxtunarviðmiðið enda séu aðstæður gjörbreyttar frá því að viðmiðinu var komið á. Þá hafi óraunhæft ávöxtunarviðmið ýmsa galla í för með sér. Hætta sé á því að sjóðirnir taki of mikla áhættu til að ná því og auk þess geti það leitt til þess að mismunandi kynslóðir beri mismikið úr býtum úr lífeyriskerfinu.

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, segir skiptar skoðanir um hvort 3,5 prósent raunávöxtunarviðmiðið sé raunhæft ef vextir haldast áfram lágir. Mikilvægt sé að læra af erlendum lífeyrissjóðum sem hafa haft annað en fast ávöxtunarviðmið, eða breytt sínu viðmiði, og þeim áskorunum sem þeir stóðu frammi fyrir.

Markaðurinn fjallaði nýlega um að lækkandi langtímaávitir gætu orðið til þess að skuldbindingar íslensku lífeyrissjóðanna yrðu verulega vanmetnar. Vextir á Vesturlöndum hafa farið lækkandi og eru þeir orðnir neikvæðir víða í Evrópu. Á Íslandi hafa stýrivextir lækkað um 1,5 prósentustig á árinu og eru þeir nú þrjú prósent.

Íslenskir lífeyrissjóðir núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósentu vexti umfram verðbólgu en sú ákvörðun tók mið af útlánávöxtum Íbúðalánasjóðs á tíunda áratugnum. Ef langtímaávöxtun verður lægri þarf að skerða réttindin en auka þau ef ávöxtun verður betri en 3,5 prósent.

Gunnar bendir á að frá árinu 1981 hafi meðalraunávöxtun sjóðanna verið 4,5 prósent á ári. Réttindin hafa hins vegar ekki verið aukin að ráði vegna þess að meðalævi landsmanna hefur lengst á sama tíma og aukið skuldbindingar um nálægt 0,5 prósent á ári að jafnaði.

„Ávöxtun skuldbréfa var óvenju há á þessu tímabili sem skýrir að hluta til góða langtímaávöxtun sjóðanna. Til framtíðar er ekki líklegt að sjóðirnir skili að jafnaði ávöxtun umfram viðmiðun sem vegur á móti lengingu á meðalævi landsmanna,“ segir Gunnar.

Hófligt á sínum tíma

Gylfi Magnússon segir að svo virðist sem tilviljun hafi ráðið vali á ávöxtunarviðmiðinu. Lengst af hafi viðmiðið verið of lágt í ljósi þess að á niunda og tíunda áratug síðustu aldar hafi raunvextir íbúðabréfa verið töluvert hærri en 3,5 prósent.

Til framtíðar er ekki líklegt að sjóðirnir skili að jafnaði ávöxtun umfram viðmiðun sem vegur á móti lengingu á meðalævi landsmanna.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins



„Viðmiðið var hóflega reiknað á þeim tíma en síðan þá hafa forsendur gjörsamlega breyst og hugsanlega er það orðið of hátt í dag,“ segir Gylfi Magnússon. Þá segir hann að ekki séu teikn á lofti um að vextir hafi náð botninum hér á landi og ekki útilokað að þeir verði neikvæðir eins og í nágrennalöndum þegar fram í sækir.

Eignir lífeyrissjóða hafa ekki jafn langan líftíma og skuldbindingarnar, sem gerir lífeyrissjóði næma fyrir vaxtabreytingum. Meðallíftími skuldbindinga lífeyrissjóða er breytilegur eftir því hvernig hópur sjóðfélaga er samsettur. Í dæmigerðum opnum lífeyrissjóðum þar sem dreifing sjóðfélaga er í takt við aldursdreifingu þjóðarinnar má ætla að meðallíftími skuldbindinga liggja á bilinu 20 til 25 ár en að líftími eigna sé styttri. Sjóðirnir hafa fjárfest í eignum sem skaffa nægilega góða ávöxtun í dag en þegar kemur að því að endurfjárfesta í framtíðinni gæti ávöxtunin sem þeir fá verið lægri en vextirnir sem skuldbindingarnar miða við.

„Það gæti gerst að eferfitt er orðið að ná ásætlanlegri ávöxtun reyni menn að hækka hana með því að taka meiri áhættu en hún er auðvitað sýnd veiði en ekki gefin. Ef eignir væru jafn langar og skuldbindingar þá væru menn búnir að koma sér í skjól en það er ekki hægt. Það er einfaldlega ekki til nógu mikið af löngum eignum á móti þessum löngu skuldbindingum. Og það bæði veldur erfiðleikum við að ná ávöxtunarviðmiðinu og áhættu vegna þess að menn vita ekki hvernig vextir og eignaverð mun þróast í framtíðinni. Það er áhætta sem öll lífeyriskerfi sem byggja á sjóðsöfnun búa við,“ segir Gylfi.

„Það hefur ýmsa galla að vera með óraunhæft ávöxtunarviðmið. Einn galli er að menn teigi sig of langt til að ná því og taki of mikla áhættu. Annar galli er að það getur leitt til þess að mismunandi kynslóðir beri mismikið úr býtum úr lífeyriskerfinu. Ef til dæmis reiknað er með meiri framtíðarávöxtun en hún í raun verður, þá fá einhverjir til skamms tíma meiri lífeyri heldur en kerfið stendur undir og það er þá á kostnað næstu kynslóða. Það væri æskilegra að vera með lífeyriskerfi þar sem millifærslur milli kynslóða gætu ekki átt sér stað með jafn auðveldum hætti,“ segir Gylfi.

Jón Evar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, sagði í samtali við Markaðinn í lok síðasta árs að vanmat á skuldbindingum vegna lækkandi vaxtastigs gæti orðið umtalsvert. Ef hæfilegt þætti að núvirða skuldbindingar miðað við þriggja prósentu verðtryggða vexti mætti áætla að skuldbindingar

dæmigerðra lífeyrissjóða ykjast um 10-13 prósent en eignirnar um 2-4 prósent. Ef miðað væri við tveggja prósentu verðtryggða vexti gæti hækkun skuldbindinga hins vegar numið tugum prósentu.

„Það þarf ekki að vera ókostur að lífeyrissparnaður sé að meira marki háður óvissu ef hægt væri að milda áhættu sjóðfélaga eftir því sem þeir nálgast eftirlaunaaldur. Verra væri ef matsforsendur sjóða vikju svo verulega frá raunverulegum aðstæðum að það leiddi til þess á endanum að ekki væri hægt að efna skuldbindingarnar,“ sagði Jón Evar.

Færast nær erlendum sjóðum

Aðspurður segist Gunnar Baldvinsson ekki hafa áhyggjur af því að skuldbindingar lífeyrissjóðanna verði verulega vanmetnar.

„Núverandi vaxtastig gefur tilefni til hóflega væntinga um ávöxtun á næstu árum. Greining á sögulegri ávöxtun verðbréfa sýnir fylgni á milli vaxtastigs á hverjum tíma og ávöxtunarskuldbréfa og hlutabréfa næstu ára. Mér finnst líklegt að ávöxtun á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum verði undir langtíma meðaltali til skamms tíma eða til næstu fimm eða tíu ára. En ef lítið er á ávöxtun á heimsvísu síðastliðin 120 ár eða svo, hafa hlutabréf að jafnaði skilað um fimm prósentu raunávöxtun, ríkisskuldbréf um tveimur prósentum og safn sem fjárfestir að jöfnu í hlutabréfum og skuldbréfum um 3,5 prósentum,“ segir Gunnar.

„Ef eitthvað er að marka söguna er ekki ástæða til að hafa áhyggjur að því gefnu að sjóðirnir dreifi fjárfestingum á hlutabréf og skuldbréf. Ég held, ef maður horfir til lengri tíma, að flestir hafi séð fyrir sér að eignir hjá okkur yrðu líkari því sem þekkist hjá lífeyrissjóðum annarra þjóða með herra vægi hlutabréfa og minna vægi skuldbréfa. Þó svo að horfur til skamms tíma bendi til þess að ávöxtun geti orðið undir sögulegu meðaltali hafa horfur til lengri tíma ekkert breyst.“


Föst tala tryggir stöðugleika

Þá bendir Gunnar á að lágir vextir geti einnig leitt til hækkunar á eignaverði á hlutabréfum og öðrum eignum, meðal annars vegna þess að þá leitir fjármagn, sem annars hefði farið í skuldbréf eða innlán, í aðrar eignir sem veldur því að verð á þeim hækkar. Eftir því sem vextir lækka meira aukist líkurnar á að þeir hækki aftur sem leiðir til lækkunar á verði skuldbréfa og getur auk þess haft áhrif á ávöxtun hlutabréfa.

Er tilefni til að endurskoða ávöxtunarviðmiðið?


„Mér finnst engin sérstök ástæða til að endurskoða núvirðingarpósentuna og ég held að við höfum dottið niður á ágætis fyrirkomulag með að vera með fasta tölu sem viðmið. Það tryggir ákveðinn stöðugleika,“ segir Gunnar.

„Núvirðingarpósentu lífeyrissjóða, 3,5%, er notuð til að núvirða eignir og skuldir í tryggingafræðilegum uppgjörum og er ekki krafa um raunávöxtun. Núvirðingarpósentan er tilgáta um hvaða raunávöxtun er líklegast að sjóðirnir nái um langa framtíð, byggt á sögulegri ávöxtun á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Réttindatöflur sjóðanna byggja á þessu viðmiði en



Meðalævi einstaklinga á Vesturlöndum hefur lengst mikið á undanföllum árum og

Raunávöxtun verðbréfa í 23 löndum á mismunandi tímabilum



HEIMILD: CREDIT SUISSE GLOBAL INVESTMENT RETURN YEARBOOK 2019

svo er með það eins og allt annað að endanleg ávöxtun ræður getu þeirra til að greiða lífeyri á hverjum tíma.“

Hafa svigrúm fyrir áhættu

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, segir að það geti verið áskorun að ná ávöxtunarviðmiðinu ef vextir verða áfram lágir. Hann telur að lækkandi ávöxtunarkrafa á skuldbréfum muni leiða til þess að lífeyrissjóðir auki hlutfall áhættumeiri eigna, bæði innbyrðis í skuldbréfasafni svo og í öðrum fjárfestingum.

„Það eru skiptar skoðanir um það hvort 3,5 prósentu raunávöxtunarviðmiðið sé raunhæft ef vextir haldast áfram lágir en framtíðin verður að leiða það í ljós. Þar sem lífeyrissjóðir ávaxta iðgjöld sjóðfélaga til langs tíma þá hafa þeir svigrúm til að hafa stærri hluta eigna í hlutabréfum en ella og eðlilegt að þeir

auki hlutdeild í hlutabréfum og öðrum áhættumeiri eignum þegar ávöxtunarkrafa ríkisskuldbréfa lækkar með von um að ná hærri langtímaávöxtun,“ segir Arnaldur.

„Erlendir lífeyrissjóðir hafa almennt haft stærri hluta eigna í hlutabréfum en skuldbréfum en ástæða fyrir því að þessu hefur verið öfugt farið hér á landi er fyrst og fremst að lífeyrissjóðirnir hafa í gegnum tíðina fengið háa verðtryggða vexti á innlendum skuldbréfum með ábyrgð ríkissjóðs.“

Þyrftu að leiðrétta stöðuna

Þá segir Arnaldur að ef ákvörðun verður tekin um að lækka ávöxtunarviðmiðið muni skuldbindingar ávallt hækka meira en eignir vegna þess að skuldbréf eru eingöngu hluti af eignum lífeyrissjóða en vissulega hefur það einnig áhrif að líftími þeirra er styttri en líftími skuld-



MIDVIKUDAGUR 8. JANÚAR 2020

Heimili



Brynja nýtur mjög svo lífsins í sveitasælunni á Hraunsnefi þar sem hún fær útrás fyrir sköpunargáfuna í leirnum og hannar gullfallega nytjalist og leirtau.



Sterk bein alla ævi



Lét draumana rætast

Brynja Brynjarsdóttir, þroskaþjálfari, listakona og bóndi á Hraunsnefi, skapar sitt eigið leirtau á milli þess sem hún kallar á kýrnar og knúsar barnabörnin.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Víð áttum okkur draum um að búa í sveit og létum hann rætast. Við vorum orðin þreytt á því að vera langa vinnudaga að heiman, horfa upp á börnin okkar með lykla um hálsinn ein heima og ákváðum að stökva út í djúpu laugina," segir

Brynja Brynjarsdóttir, þroskaþjálfari, listakona og ábúandi á Hraunsnefi í Norðurárdal.

Brynja bjó áður í Hafnarfirði með Jóhanni Harðarsyni eiginmanni sínum og þremur börnum þeirra.

„Við keyptum jörðina Hraunsnef á bóndadaginn 2004 og þótti skemmtileg tilviljun að verða bændur á sjálfan bóndadaginn,“ segir Brynja og hlær. „Við höfðum áður verið sífellt á flakki með

börnin í útilegum, skeggrætt um hvað það væri nú skemmtilegt að búa í sveit og létum verða af því. Við sjáum svo sannarlega ekki eftir því og það er alltaf sama góða tilfinningin að sjá Reykjavík hverfa sjónum í baksýnisspeglinum, draga djúpt andann í sveitakyrrönni og koma heim á Hraunsnef.“

Frjáls í íslenskri náttúru

Brynja var virk í skátum sem ungl-ingur í Efra-Breiðholti og segist þar

hafa fengið útrás fyrir flökkueðli og náttúrudýrkun.

„Undir niðri bjó í mér sveitakona en að búa í sveit snýst um frelsi á svo margan hátt, frelsi til að njóta náttúrunnar í allri sinni dýrð og líka að vera sjálfs hins herra. Við vissum ekkert hvað við værum að fara út í en ferðaþjónustan hafði togað í mig eftir að ég starfaði á eldhúsbíl hjá Guðmundi Jónssyni um árið,“ segir Brynja en liðin eru fimmtán ár síðan þau Jóhann

ákváðu að byggja upp sveitahótel á Hraunsnefi.

„Fyrsta veturinn var gríðarmikil uppbygging á Háskólanum í Bifröst og húsnæðisskortur hjá nemendum sem fengu leigð herbergi um alla sveit, þar á meðal hjá okkur. Það reyndist dýrmætt því krakkarnir sem bjuggu hjá okkur á Hraunsnefi urðu sem okkar eigin börn og koma enn reglulega í heim sókn. Í gegnum þá urðu heilmikil viðskipti því þeim fylgdu enn fleiri nemendur í partí, mat og boltann til okkar og við vorum eins og jójó að skutla nemendum fram og til baka um nætur, rétt eins og maður gerir fyrir börnin sín, enda spottakorn á milli,“ segir Brynja sem kom ekki dúr á auga fyrstu vikuna fyrir opnun sveitahótelsins.

„Ég hafði miklar áhyggjur af því að standa með matseðil kláran fyrir gesti og gangandi og á þessum tíma var ekki til neitt booking.com eða hotels.com og kostaði margra mánaða vinnu og bæklingaútgáfu að koma sér á framfæri,“ útskýrir Brynja en Hraunsnefi óx og dafnaði frá fyrstu tíð.

„Þetta hefur líka verið heilmikið basi og eftir hrúnið þurftum við að skoða fleiri möguleika. Á jörðinni stóðu ónotuð tún og því fórum við að huga að búfénaði. Fyrst fengum við hænur til að borða matarafganganga og svo grísi en nú má ekki lengur ala þá á matarafgöngum. Þetta var hugsað sem sparnaður á sorphirðu sem er greidd eftir þyngd og var samfélagsverkefni í samstarfi við Bifröst og fleiri en þannig byrjaði búskapurinn. Fljótlega bættust við tveir kálfar til að sýna ferðafólkinu og við sáum að nautgripir væru skemmtileg viðbót og svo kindur,“ segir Brynja en á Hraunsnefi eru nú 30 nautgripir og fer fjölgandi.

Hálfrædd við hundinn

Bryna segir það sannarlega ekki meðfædda gáfu að kunna á búfénað.

„Ónei. Við fluttum með okkur einn hund og vorum hálfrædd við hann til að byrja með, en þetta lærðist smám saman. Sveitungarnir hafa skemmt sér yfir því að gera grín að okkur og við höfum verið aðhláturserfni á þorablótum fyrir mjög sérstakan dýrastofn því á meðan flestir reka kýrnar köllum við á okkar kýr og látum þær elta okkur,“ segir Brynja og skellihlær. „Það er bara skemmtilegt og við reynum að vera eins dýravæn og hægt er. Það gerir manni erfitt fyrir þegar dýrin fara í sláturhús og þá fer ég að heiman en Jóhann er orðinn harðari af sér í þessu en ég. Þegar grísirnir eru komnir í sláturstærð verð ég líka hálfrædd við þá enda þá orðnir stórir, árasargjarnir og sísvangir,“ segir Brynja.



Margir falast eftir leirtau Brynju til kaups eftir gómsætan málsverð.



Hver og einn bolli, skál og diskur er einstakur úr leirkerasmíðju Brynju á Hraunsnefi.

Þau Jóhann framleidda allt kjöt fyrir heimilishaldið og hótelleksturinn heima á Hraunsnefi.

„Matseðillinn breytist eftir árstíðum og mest er um lambakjöt á haustin en svo tekur við nautakjöt og svínakjöt. Dýrin ganga laus og við vinnum út frá dýra- og umhverfisvernd; að dýrin eigi gott líf á meðan það varir en líka lengra líf sem tryggir að þau noti vöðvana sem gefur af sér enn betra kjöt. Afurðirnar eru því beint frá býli og eins nálægt náttúrunni og hægt er,“ upplýsir Brynja.

Sjálfbær í einu og öllu

Þau Brynja og Jóhann eru samstíga í búskapnum og hótelið ber listfengi þeirra og handlagni fagurt vitni. Allar vistarverur eru hönnuð þeirra og handverk en Jóhann er

smíður og hefur rekið smíðshögg sitt á bæði húsnæðið innan stokks og utan sem og innanhúsmuni og húsgögn.

„Við eigum marga góða að sem hafa hjálpað okkur með einum eða öðrum hætti í gegnum árin og án þeirra veit ég ekki hvernig við hefðum farið að. Við hjónin náum að vinna vel saman og það að gera allt sjálf er stór ástæða þess að við höfum lifað þetta af. Einn kúnninn orðaði það vel; hann sagði að hótelið bæri „do it yourself“ glögg merki og við reynum að taka því sem hrósi, en fállegra orð yfir „do it yourself“ er sjálfbærni,“ segir Brynja og brosir yfir bláum og íðilfögum kaffibolla sem hún skapaði sjálf eins og reyndar allt leirtau á Hraunsnefi.

„Það eru komin fjögur ár síðan við Jóhann ákváðum að hætta að standa vaktina allan sólarhringinn og koma að okkar eigin hugðar-efnum meðfram hótellekstrinum. Það hafði lengi blundað í mér löngun til að búa til mitt eigið leirtau og mér fannst það góð viðbót við sjálfbærni Hraunsnefs. Ég hafði farið á leirlistarnámskeið hjá Árdísu Ólgeirsdóttur, vinkonu minni og leirlistarkonu, árið 1996 og sótti svo aftur fyrir nokkru námskeið hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík, keypti mér rennibekk og ódýran ofn á AliExpress og fór af stað,“ segir Brynja í vinnustofunni þar sem hún skapar heillandi borðbúnað undir áhrifum íslenskrar náttúru og norðurljósa á Hraunsnefi.

„Margir vilja kaupa diskana sem þeir borða af á meðan einn og einn segir kannski: „Girnileg kaka á agalegum disk.“ En það er bara



Það eykur enn á matarupplifunina beint frá býli þegar girnilegir og gómsætir réttir eru bornir fram í heillandi borðbúnaði Brynju.



Brynja hannar leirtau fyrir alla nýja rétti sem kokkar Hraunsnefs útbúa.



Allur matur sem er fram borinn á Hraunsnefi kemur beint frá býlinu sjálft og vitaskuld borinn fram á matarstelli sem húsfreyjan hannar og skapar í leir.



Litatónar norðurljósa eru Brynju stundum yrkiserfni í glerungserðinni.

skemmtilegt og enginn diskur er eins. Ég vinn leirtau fyrir hvern rétt fyrir sig og er ídulega send á vinnustofuna til að búa til diska og skálar fyrir nýstárlega rétti kokkanna sem setur einstakan svip á staðinn. Þetta er annars ein stór tilraunastarfsemi hjá mér og nú er ég farin að búa til flisar á vegg og baðherbergisvaska,“ segir Brynja sem fær útrás fyrir sköpunarþrána í leirnum.

Rómantískar sveitanætur

Fram undan er bygging nýs íbúðarhúsnæðis fyrir þau hjónin en hingað til hafa þau búið í 40 fermetra húsi sem orðið er þröngt þegar saman koma þrjú uppkomin börn, tengdabörn og barnabörn.

„Hugmyndin er að gera nýja húsið eins umhverfisvænt og sjálfbært og unnt er og gera allt sjálf. Heimilislíf með hóteli í túnfætinum er almennt mjög fint. Húsið okkar stendur aðeins fyrir ofan hótelið en við lendum ídulega í því að fá túrista á pallinn sem glápa inn um gluggana en það er í góðu lagi. Við leggjum mikið upp úr því að halda í íslenska menningu í rekstrinum og hér er svarað í síma og veitt

þjónusta á íslensku. Því segjast margir útlendingar hitta Íslendinga í fyrsta sinn á Hraunsnefi á ferð sinni um landið en stærstur hluti gesta okkar um helgar eru Íslendingar sem sækja í rómantískar nætur í sveitasælunni og að gera vel við sig í mat og drykk,“ segir Brynja sem með Jóhanni er alltaf á bakvakt á hótelinu og stekkur í öll störf þegar með þarf.

„Þótt vinnudagarnir í sveitinni séu líka langir er álagið öðruvísi því við erum jú saman með börnin og barnabörn í túnjaðrinum heima. Eygló, eldri dóttir okkar, er yfirkokkur á staðnum og á von á sínu öðru barni og okkar þriðja barnabarni í apríl; Hera, yngri dóttir okkar, er bústjóri í Svartárgili hinum megin við ána og sonur okkar Arnór, búsettur í Hafnarfirði, kemur oft til okkar vestur. Hér erum við að njóta lífsins til fulls. Það snýst ekki um að eiga fullt af peningum heldur að gera það sem manni þykir skemmtilegast með þeim sem eru manni kærastir, að fá viðbrögð við verkum okkar og svo eignast barnabörn. Það gerist ekki dásamlegra.“

KYNNINGAR VERÐ
4.790 m²

BERRY ALLOC

Harðparket

í fiskabeinamyndri

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarféni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir


Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Ráðstefnur

MIÐVIKUDAGUR 8. JANÚAR 2020

Kynningar: Hilton Reykjavík Nordica, Hótel Glymur, Hótel Saga, Iceland Travel, Hof



Á síðustu árum hefur færst í vöxt að stærri fyrirtæki bjóði upp á standandi árshátíðir, enda er það bæði hagkvæmur og skemmtilegur kostur, hægt er að taka á móti allt að 2.000 manns.

Glæsileg umgjörð og framúrskarandi þjónusta

Hilton Reykjavík Nordica er eitt fremsta ráðstefnu- og viðburðahótel landsins. Það er frábær kostur fyrir vel heppnaða vinnufundi, starfsdaga og vinnustofur. Auk þess hentar hótelið einstaklega vel fyrir árshátíðir, brúðkaup, fermingar og aðra mikilvæga viðburði. ➔2

Framhald af forsiðu →

Hilton Reykjavík Nordica er án efa eitt fremsta ráðstefnu- og viðburðahótel landsins. Hótelid er frábær kostur fyrir vinnufundi, starfsdaga og vinnustofur, sem og stærri ráðstefnur. Að auki hentar Hilton Reykjavík Nordica einstaklega vel fyrir alls kyns mannfagnaði og samkomur; árhátíðir, brúðkaup, fermingar og fleira og fleira,“ segir Anita Ólafsdóttir, ráðstefnu- og viðburðastjóri Hilton.

Hilton Reykjavík Nordica státar af rúmlega 250 herbergjum og 18 fjölbreyttum söllum fyrir ráðstefnu- og viðburðahald. Það er staðsett miðsvæðis í Reykjavík þar sem aðgengi er gott og nóg af bílastæðum.

„Starfsfólk Hilton leitast við að veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina sinna með það að markmiði að skapa einstaka upplifun gesta og hámarka virði viðburðarins. Á Hilton er einnig Vox Brasserie og Bar sem fyrir löngu hefur fest sig í sessi sem einn af fremstu veitingastöðum borgarinnar,“ segir Anita.

Fundir sem næra líkama og sál í upphafi árs 2020

Í janúar hefur Hilton Reykjavík Nordica sölu á nýjum og næringaríkum fundarpökkum þar sem áhersla er lögð á að næra líkama og sál.

„Við höfum verið að þróa fundarpakkana okkar í takt við nýjar áherslur hjá Hilton Worldwide þar sem unnið er samkvæmt yfirskriftinni „Meet With Purpose“. Þar er í raun verið að skapa hvata til þess að fá meira út úr fundinum en um leið að fækka kol-efnisporum og skapa jákvæða og heilbrigða upplifun fundargesta. Á Hilton Reykjavík Spa starfa vel menntaðir næringarfræðingar og einkaþjálfarar sem koma að verkefninu með okkur, þar sem m.a. er horft til þess að bjóða upp á næringarráðgjöf og næringu sem veitir endingargóða orku. Með því að fá okkar sérfræðinga til liðs við okkur komum við til með að bjóða upp á fundi sem næra líkama og sál um leið og vinnuadstaðan er fyrsta flokks,“ upplýsir Anita.

Um er að ræða spennandi nýjung á Íslandi, sem er í takt við þær stefnur og strauma sem ráðstefnur og fundir eru að fylgja í heiminum almennt.

„Fundarpakkarnir eru hugsaðir fyrir 15-50 manna fundi en möguleiki er á að útfæra þá að óskum viðskiptavina hverju sinni.

Meðal þess sem boðið verður upp á eru fersk orkuskot, fyrirlestur um næringu, léttar teygjur, auk fróðleiks sem fundargestir taka með sér og geta meðal annars nýtt við skrifborðið á sínum vinnustað.“

Eftirspurn eftir grænum ráðstefnum og fundum

Hilton Reykjavík Nordica og Icelandair Hotels starfa samkvæmt skýrri umhverfissýni og á síðustu árum hefur átt sér stað afar jákvæð þróun í átt að grænni ráðstefnum og viðburðum.

„Við höfum unnið hörðum höndum að því að ná betri árangri í umhverfismálum og til þess að svo megi verða þurfum við sömuleiðis að hvetja okkar viðskiptavini til þess að taka skrefin með okkur. Við höfum til að mynda sett upp fleiri upplýsingaskjái fyrir dagskrá og kynningar um leið og við hvetjum ráðstefnuhaldara til þess að minnka prent og einnota merkingar. Þetta hefur gengið ótrúlega vel og við finnum sannarlega fyrir aukinni vitund og ekki sist þakklæti frá okkar viðskiptavinum þegar við bendum á einfaldar leiðir þar sem hægt er að spara bæði fjármuni og fækka



Hilton Reykjavík Nordica státar af 18 fjölbreyttum söllum fyrir ráðstefnu- og viðburðahald.



Anita Ólafsdóttir, ráðstefnu- og viðburðastjóri Hilton, segir hótelid frá-bæran kost fyrir margvíslega viðburði og veislur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

umhverfissporum. Þannig vinna allir,“ segir Anita.

Þá er sömuleiðis hugmynda-vinna í gangi sem miðar að því að gefa erlendum hópum tækifæri til þess að láta gott af sér leiða og skilja eftir sig grænni spor á Íslandi, hvort sem um er að ræða hvataferð eða ráðstefnuhópa.

Vettvangur fyrir fjölbreytta viðburði og tónleikahald

Á síðustu misserum hefur sömuleiðis verið ráðist í miklar endurbætur og nýjungar á tæknibúnaði hótelsins. Anita segir þær opna tíma fyrir möguleika til þess að stytta tíma í uppsetningu og undirbúningi viðburða, auk þess sem salirnir henti vel til tónleikahalds, jafnt í minni rýmum á borð við Vox Club eða í aðalsal hótelsins sem tekur allt að 600 manns í sæti.

Hilton Reykjavík Nordica er

eftirsótt fyrir árhátíðir fyrir hópa af öllum stærðum. „Aðalsalur Hilton tekur rúmlega 400 manns í sitjandi borðhald en gagna mikill eftirspurnar er mikilvægt að bóka árhátíð í tíma, enda jafnan færri komist að en vilja á Hilton. Bókunarstaðan er þéttskipuð og hátíðarsalurinn nær uppþökadur alla laugardaga fram í júní,“ segir Anita.

Hún bendir á að á síðustu árum hafi færst í vöxt að stærri fyrirtæki bjóði upp á standandi árhátíðir, enda sé það bæði hagkvæmur og skemmtilegur kostur. Með því að tengja saman ólík rými á jarðhæð er hægt að taka á móti allt að 2.000 manns og um leið bjóða dagskrá á 4-5 sviðum.

„Það eru ekki margir staðir sem koma til greina fyrir viðburði af þessu tagi og oftar en ekki þarf að ráðast í kostnaðarsaman undir-



Salirnir eru misstórir og henta mismunandi fjölda fundargesta. Öll besta tækni er í söllum.



Oft eru meðalstórir fundir haldnir á Hilton Reykjavík Nordica.

búning til þess að breyta ípróttahöllum í veislusal. Við finnum fyrir auknum áhuga á standandi viðburðum, enda er hér allt til alls og því hægt að setja fókus á mat, drykk og vandaða skemmtun í stað þess að eyða miklum fjármunum í að skapa þessa sömu upplifun í höllum sem eru ætlaðar til ípróttaiðkunar,“ segir Anita og bætir við að þótt hún vísi í standandi árhátíð þá sé það langt því frá þannig að gestir standi allan tímann. „Lykillinn að vel heppnadrí „standandi“ árhátíð er að hafa sæti fyrir um það bil helming gesta með blönduðu fyrirkomulagi. Það geta verið sófar, barborð, kauffihúsauppstilling og fleira sem skapar lifandi og skemmtilega umgjörð.“

Einstök upplifun á Vox Home

Vox Home er einstakt viðburðarými sem er á jarðhæð hótelsins. Umgjörð og hönnun er hlýleg og með skemmtilega tengingu við sögu og menningu. Vox Home samanstendur af borðstofum sem hægt er að leigja stakar eða allt

rýmið í heild. Stakar borðstofur eru gjarnan nýttar fyrir minni fundi eða einkasamkvæmi og jafnvel árhátíðir fyrir allra minnstu fyrirtækin.

„Við hönnun Vox Home var meðal annars horft til þess að skapa glæsilegt en um leið hlýlegt andrúmsloft og tengja upplifun gesta við stofustemningu. Á veggjum eru myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem allar sýna íslenskar fjölskyldur og vini koma saman og gleðjast,“ segir Anita, en við hönnun Vox Home var hugað að hverju smáatriði þar sem veitingar eru meðal annars framreiddar á mávastelli.

Vox Home nýttist sömuleiðis sem veislusalur fyrir standandi viðburði fyrir allt að 200 manns og óhætt að segja að þar hafi farið fram viðburðir sem spanna heilt æviskeið; allt frá skírnarveislum, fermingum, útskriftum, afmælum, brúðkaupum og yfir í erfidrykkjur. „Þá er salurinn sömuleiðis einstaklega vinsæll fyrir hvers kyns kokteilboð eða standandi árhátíðir,“ segir Anita að lokum.

GÓÐIR FUNDIR

OG ENN BETRI FUNDARHLÉ



Á Hótel Örk er allt sem þarf fyrir vel heppnaða fundi, sýningar, námskeið og minni ráðstefnur. Hótelid býr yfir fundarsölum af mörgum stærðum búnum nýjustu tækni, fyrsta flokks veitingastað og fjölbreyttri afþreyingu fyrir skemmtilegri fundarhlé.

157 | 7

HERBERGI

FUNDARSALIR

VEITINGASTAÐUR,
SUNDLAUG OG
HEITIR POTTAR



Svíta



Superior herbergi



HÓTEL
ÖRK

Hlýlegt hótel með fullkominni aðstöðu

Hótel Glymur er yndislegt lítið hótel staðsett á frábærum útsýnisstað í Hvalfirði. Hótelinu getur tekið á móti 68 manns í gistingu og salarkynni þess geta rúmað allt að 80 manns í hvorum sal. Góð aðstaða er fyrir ráðstefnuhald og fundi á hótelinu sem býður upp á fullbúinn ráðstefnusal.

Margrét Rósa Einarsdóttir stýrir Hótel Glym en hún hefur áratuga reynslu af skipulagningu hvers kyns veislu- og ráðstefnuhalds. „Við bjóðum upp á ráðstefnusal með skjávarpa, tjaldi, skjá og hljóðkerfi ásamt flettistöflum. Aðstaðan hentar mjög vel fyrir hópvinna,“ segir Margrét.

„Hér er einnig sælkeradhús sem reiðir fram kræsingar við

flestra hæfi og við bjóðum flotta matseðla til að velja af þegar fundir eru undirbúnir.“

Hægt að panta allt hótelið fyrir ráðstefnu sé þess óskað. „Þegar bókað er fyrir ráðstefnur vill fólk oft frekar taka eins manns herbergi. Á hótelinu er pláss fyrir 68 manns í tveggja manna herbergjum en 34 ef einn er í hverju herbergi,“ segir Margrét.

Við Hótel Glym eru einnig sex



Fundaraðstaðan á Hótel Glym er til fyrirmyndar.




Margrét Rósa Einarsdóttir hefur áratuga reynslu af skipulagningu hvers kyns veislu- og ráðstefnuhalds. Á hótelinu er góð aðstaða fyrir ráðstefnur.

sjálfstæð hús sem tilvalin eru fyrir minni privat fundi. Húsin eru ýmist með einu eða tveimur svefnherbergjum og heitum potti á palli.

„Aðstaðan í húsunum er mjög góð. Þar eru flottar stofur og eldhúskrókur þar sem gestir geta eldað sjálfir, en morgunmatur á hótelinu er innifalinn.“

Hótel Glymur er einungis í þriggja kortera akstursfjarlægð frá Reykjavík og Margrét segir fólk kunna að meta það að geta farið aðeins út úr bænum en þurfa ekki að fara langt. „Fólk velur þessa staðsetningu vegna hlýleika og notalegheita,“ segir Margrét og bætir við að þó hótelið sé hlýlegt og heimilislegt sé öll aðstaða mjög fagmannleg, þar sem bæði áratuga reynsla og fagmenntun skili sér í frábærum mat og góðri þjónustu.

Þú getur bókað góðan fund í Hörpu



HARPA

Stefnufundur, samtal, skipulagsdagur eða starfsviðtal?
Harpa býður upp á rými af öllum stærðum og gerðum.

Nánar á harpa.is/fundir

Kolefnisjafnað á Hótel Sögu

Á Hótel Sögu starfar fólk með áralanga reynslu í uppsetningu funda og viðburða. Margverðlaunaðir matreiðslumenn sjá til þess að gestir fái það besta sem bændur hafa upp á að bjóða.

Hótel Saga stendur í Vesturbæ Reykjavíkur og hefur verið starfandi frá árinu 1962 þegar það var opnað.

„Hótelíð gekk nýverið undir endurnýjun og hefur aldrei verið fallegra. Mikil áhersla er lögð á að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina funda- og ráðstefnudeildar hótelsins og fáum við ósjaldan hrós frá viðskiptavinum okkar fyrir sveigjanleika og mikla þjónustulund,“ segir Sonja Ýr Eggertsdóttir, sölustýra Radisson BLU Hótel Sögu.

„Salirnir okkar eru sjö talsins og henta öllum gerðum viðburða en salina er hægt að stækka eða minnka, allt eftir þörfum hvers og eins. Stærsti salur hótelsins er Súlnasalur sem tekur um 300 manns í sæti og er tilvalinn til að halda glæsilega árshátíð eða brúðkaup. Jólahlaðborðin njóta gífurlegra vinsælda og var uppselt nær allar helgar fyrir jól. Fram undan í Súlnasal er bæði þorramat með hefðbundnum þorramat og svo fyrsta veganblótið þar sem kokkarnir okkar munu bjóða upp á hlaðborð af girnilegum veganréttum,“ upplýsir Sonja Ýr.

Afurð nýtt frá haus til hala

Hótel Saga er í eigu bænda sem gefur matreiðslumönnum hótelsins greiðan aðgang að ferskasta hráefni sem er í boði hverju sinni.



Sonja Ýr Eggertsdóttir sölustýra og Ólafur Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður á Hótel Sögu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

„Við setjum þau skilyrði að birgjar og framleiðendur upplýsi um uppruna hráefnanna og gefur það hótelinu þá sérstöðu að geta ávallt sagt gestum til um uppruna þeirra rétta sem boðið er upp á,“ útskýrir Ólafur Kristjánsson, yfir-

kokkur á Hótel Sögu.

Virðing fyrir náttúrunni sé kappsmál eigenda og starfsfólks Hótel Sögu.

„Við viljum lágmarka kolefnisfótspor þess hráefnis sem notað er í matargerð á hótelinu. Þess er

gætt að fullnýta allt hráefni eins og hægt er til þess að minnka matarsóun og við viljum nýta alla hluta afurðanna „frá haus til hala“. Með því móti markar Hótel Saga sér sérstöðu á veitingamarkaðnum,“ segir Ólafur.

Hótel Saga hefur skýra stefnu í umhverfismálum og vinnur starfsfólk eftir umhverfisstefnu Græna lykilsins.


„Í samstarfi við Radisson Hotels og First Climate, sem er eitt stærsta kolefnisjöfnunarfyrirtæki heims, kolefnisjafnar Hótel Saga alla fundi og viðburði sem haldnir eru á hótelinu með þátttöku sinni í verkefnum sem hjálpa til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hafa jákvæð samfélagsleg áhrif,“ upplýsir Sonja Ýr.

„Viðskiptavinir koma til okkar aftur og aftur og þá ekki síst vegna veitinganna en við höfum okkar eigið bakarí og bjóðum því alltaf upp á nýbakað brauð og bakkelsi. Það eru líka margir sem kunna að meta að geta notið hádegisverðar á veitingastaðnum okkar Mími og þannig tekið hlé frá fundarhöldum án þess að fara úr húsi og tapa dýrmetum tíma. Svo má ekki gleyma að aðgengi að hótelinu er mjög gott og nóg af frium bílastæðum sem er nú ekki svo sjálfgefið í dag.“

Nú í janúar og febrúar bjóðast einstök tilboð á fundum á Hótel Sögu eða 2 fyrir 1 alla mánudaga til miðvikudaga.

Radisson BLU Hótel Saga stendur við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími 525 9930. Nánari upplýsingar á hotelsaga.is

Rými fyrir ráðstefnur í Hörpu



HARPA

Matarhátíð, menningarfundur, markaðsráðstefna eða málþing? Harpa býður upp á rými af öllum stærðum og gerðum.

Nánar á harpa.is/radstefnur

Ógleymanleg upplifun

Starfsfólk Iceland Travel Ráðstefnur skipuleggur fjölda ráðstefna árið um kring auk hvataferða og annarra viðburða í Reykjavík og um allt land til að skapa gestum dýrmætar minningar.

Fyrirtækið, sem var stofnað árið 1937, byggir á mikilli reynslu og býður upp á fjölbreytta vöru og þjónustu fyrir kröfuharða viðskiptavinum, sem leita til fyrirtækisins aftur og aftur. Starfsmenn fyrirtækisins, um 200 talsins, eru hugmyndaríkir, gestrisnir og faglegir út í fingurgóma.

„Við hjá Iceland Travel gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að skipuleggja ráðstefnu og viðburði á vandaðan máta og sjá starfsmenn og samstarfsaðilar okkar, með íslenska gestrisni og fagmennsku að leiðarljósi, til þess að viðburðurinn verði ógleymanleg upplifun,“ segir Erla B. Ágústsdóttir, deildarstjóri ráðstefnu- og hvataferðadeildar Iceland Travel.


Innviðir Íslands eru frábærir til ráðstefnuhalds. Hér eru vel útbúnir fundarsalir, glæsilegir veislusalir, hótél í öllum verðflokkum, dýrindis veitingastaðir á hverju strái og síðast en ekki síst

óbilandi kraftur og metnaður allra samstarfsaðila. „Við einskorðum okkur ekki við Reykjavíkarsvæðið heldur stingum upp á fjölbreyttum möguleikum á landsbyggðinni ef okkur finnst verkefnið þess eðlis,“ bætir Erla við.

Staðsetning landsins og náttúran eru sterkt aðdráttarafl

„Velgengi Íslands þegar kemur að ráðstefnuhaldi byggir að miklu leyti á staðsetningu landsins og góðum innviðum, en við gerum okkur þó grein fyrir að náttúran og nálægðin við hana hafa sterkt aðdráttarafl.“

Í ljósi þess og aukinnar umhverfismeðvitundar almennt hefur Iceland Travel brugðist við með því að bjóða ráðstefnugestum sem og öðrum gestum að heimsækja trjálund fyrirtækisins í Haukadal en hann er ræktaður í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands. Í heimsókninni fá gestir tækifæri til



Iceland Travel skipuleggur ráðstefnur og viðburði með íslenska gestrisni og fagmennsku að leiðarljósi til að tryggja ógleymanlega upplifun.

að gróðursetja birkitré og þannig mynda tengsl við íslenska náttúru, leggja sitt af mörkum við að endurheimta íslenska skóga og sporna við gróðurhúsaáhrifum.

Að sögn Erlu markar trjálundurinn fyrirtækinu sérstöðu. „Gestir okkar sem heimsækja lundinn koma til baka hæstánægðir. Við vitum jú að það að sjá fjöll og fossa,

jökla og hraun laðar fram djúpstæðar tilfinningar og eru ferðamenn, innlendir sem erlendir, þakklátir fyrir að geta lagt sitt af mörkum við að græða upp landið með því að gróðursetja tré, sem svo vex og dafnar,“ segir hún með stolt í raddblænum.

Heildarlaun í ferðaþjónustu

Erla bendir á að bæði fyrirtæki og einstaklingar leiti til Iceland Travel, vegna þess að fyrirtækið bjóði upp á skapandi heildarlaunir. „Hjá okkur eru öll verkefni mikilvæg, hvort sem um ræðir lítinn hóp eða á þriðja þúsund gesta ráðstefnu. Hvert þeirra fær sérstakan verkefnastjóra. Við sjáum um samskipti við alla þjónustuaðila, veitum ráðgjöf og lausnir í tæknimálum, snum heimasíðugerd, tókum við skráningum og öllu öðru sem tengist verkefninu. Einnig bókum við gistirými, skipuleggjum skoðunarferðir, undirbúum glæsilega gala kvöldverði og þannig mætti lengi telja. Sú þjónusta sem við bjóðum hefur fallið vel í kramið enda margir sem átta sig á mikilvægi þess að fá sérfræðinga í lið með sér.“

Við leggjum ríka áherslu á að vernda og virða íslenska náttúru svo að landið haldi áfram að vera spennandi og áhugaverður áfangastaður sem allir geta notið, Íslendingar sem og erlendir gestir,“ segir Erla.

Iceland Travel er dótturfyrirtæki Icelandair Group og er m.a. meðlimur í samtökum á borð við SAF – Samtök ferðaþjónustunnar, Meet in Reykjavík, United States Tour Operators Association (USTOA), European Tourism Association (ETOA) og Japan Association of Travel Agents (JATA).



Stjórnendur þurfa að halda mörgum boltum á lofti. NORDICPHOTOS/GETTY

Vel heppnuð viðburðastjórnun

Það er hvorki einfalt né fljótlegt að skipuleggja viðburði, hvort sem um er að ræða stórar ráðstefnur eða hreinlega barnaafmæli. Huga þarf að mörgu og fylgja verkefnum af þessu tagi því oftast en ekki mikið álag og streita. En til allrar lukku er þó oftast en ekki hægt að einfalda flækju- og þar af leiðandi álagsstigið og hér eru þrjú atriði sem geta komið að gagni.

Timaskipulag

Það er fátt jafn mikilvægt í viðburðastjórnun eins og skipulagning og tímastjórnun. Tíminn er takmarkaður og því nauðsynlegt að hefjast handa eins fljótt og auðið er til þess að lenda ekki í tímapröng. Stórir viðburðir geta tekið allt að sex mánuði í undirbúningi og minni verkefni í það minnsta mánuð. Því er ráðlagt að vera til dæmis búin/n að

klára samninga við alla þá aðila sem koma að verkefninu í tæka tíð svo að hlutirnir gangi hratt og snurðulaust fyrir sig á stóra deginum eða dögnum.

Sveigjanleiki

Þá skiptir máli að tileinka sér sveigjanleika og vera alltaf á tánum, reiðubúin/n til að takast á við nýjar áskoranir. Hin ýmsu atriði er snúa að viðburðinum geta, og munu að öllum líkindum, taka breytingum, oft án nokkurs fyrirvara.

Samningafærni

Samningagerð af ýmsu tagi er stór hluti viðburðastjórnunar og er því gagnlegt að temja sér að beita öflugri samningatækni. Viðburðum fylgir gjarnan ófyrirséður kostnaður svo það að semja um lægri verð getur skipt sköpum hvað varðar fjárhagsáætlun og velgengi verkefnisins.

Fjölbreytt rými í Hofi

Í Menningarhúsinu Hofi er framúrskarandi aðstaða til fundarhalda með fyrsta flokks búnaði og veisluþjónustu.

Kristín Sóley Björnsdóttir er viðburðastjóri í Hofi. „Við höfum frábæra aðstöðu til fundarhalda hvort sem það er fimm manna stjórnarfundur eða starfsmannaviðtöl, vinnufundur fyrir fimmtíu eða málping fyrir 500 manns,“ segir hún. „Salir hússins eru fjölnota rými sem bjóða upp á ýmsa möguleika hvað varðar uppsetningu fundaraðstöðu og að gefa skipuleggjendum viðburða tækifæri til að vera með hvers kyns sýningarhald, kynningar og opna viðburði. Hof er því tilvalið fyrir ráðstefnuhald þar sem við bjóðum jú upp á mörg mismunandi rými til funda sem hægt er að nýta samtímis.“

Kristín Sóley segir að aðstaðan í húsinu sé einnig tilvalin fyrir móttökur og veislur fyrir allt að 500 manns. „Í húsinu er veitingastaðurinn Eyrin sem framreiðir fundaveitingar og sér um hátíðarkvöldverði og allt þar á milli í góðu samstarfi við okkur og skipuleggjendur fundanna,“ segir Kristín og bendir að auki á að staðsetning Hofs í miðbæ Akureyrar sé aðlaðandi og eftirsóknarverð ef horft er til skipulags funda og ráðstefnuhalds því göngufæri sé í alla þjónustu þaðan, auk þess sem kennileiti bæjarins eru vel sýnileg og gott útsýni yfir Pollinn.

„Við búum yfir mikilli fagþekkingu þegar kemur að skipulagningu funda og ráðstefna í húsinu og getum því boðið upp á persónulega ráðgjöf og góða þjónustu til að tryggja vel heppnaðan viðburð,“ segir Kristín enn fremur.

Ótal sóknarfæri

Ýmsar áætlanir eru uppi um að stækka og auka starfsemi Menn-



Hof er afar ákjósanlegur fundarstaður með framúrskarandi aðstöðu til fjölbreyttra fundarhalda og stutt í alla þjónustu og afþreyingu.

ingarhússins Hofs sem vettvangur fyrir ráðstefnur og fundi hvaðanæva. „Við stefnum að aukningu innlendra og erlendra ráðstefna,“ segir Kristín Sóley og bætir við: „Einn af lykilþáttunum til þess að ná inn erlendum ráðstefnum til Akureyrar yfir höfuð eru góðar samgöngur og beint flug að utan myndi hjálpa mikið til. Ég get nú ekki sleppt því að nefna að læknum flugfargjalda innanlands eða tilboð fyrir ráðstefnugesti í flug myndi lyfta grettistaki í þessum málum fyrir okkur og við fengjum enn fleiri innlendar ráðstefnur norður. Við sjáum ótal sóknarfæri á þessum vettvangi og hlökkum til samvinnu við hina ólíku aðila um að auka veg Akureyrar sem ráðstefnubæjar sem og skipuleggjendur funda og ráðstefna sem við þjónustum með bros á vör.“

Kristín Sóley nefnir að ráðstefnugestir lýsi oft yfir mikilli ánægju með veruna í Hofi, ekki síst þeir sem koma lengra að. „Gestirnir nefna gjarnan nándina hér norðan

heiða, þjónustulundina og hversu auðvelt er að halda hópnum saman þannig að þeir, hópurinn sem slíkur, fá enn meira út úr fundunum og samverunni en ella.“

Fjölbreyttir viðburðir

Menningarhúsið Hof er ekki eingöngu funda- og ráðstefnuhús því þar eru fjölbreyttir viðburðir á vegum Menningarfélags Akureyrar og ýmissa viðburðahaldara; tónleikar, leik- og danssýningar, gjörningar, hátíðir og margt fleira. „Viðburðir sem laða að gesti víða af landinu sem er afar ánægjulegt,“ segir Kristín Sóley, en um 300.000 gestir koma í Hof árlega til að nýta sér þá starfsemi sem þar er boðið upp á. Auk þess eru í húsinu Upplýsingamiðstöð ferðamanna, verslunin Kista, veitingastaðurinn Eyrin og Tónlistarskóli Akureyrar. „Í Hofi eru viðburðir sem næra sálina og göfga andann og setja mark sitt á blómlegt menningarlíf, ekki bara á Akureyri heldur á Norðurlandi öllu og jafnvel víðar.“

/ Skipulagning árs hátíða, óvissu- og hvataferða, starfsdaga, hópeflis, stórafmæla, allra fyrirtækjapartía, giftingarveislna, ráðstefna og annarra viðburða er okkar sérsvið.

ÁRSHÁTÍÐIR

HVATA- OG ÓVISSUFERÐIR

FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

ALLIR AÐRIR VIÐBURÐIR



g-events

Allar nánari upplýsingar g@g-events.is



Crystal Palace var glæsileg ráðstefnuhöll. NORDICPHOTOS/GETTY

Sögulegar sýningarhallir

Fyrstu ráðstefnumiðstöðvarnar má rekja aftur til miðrar 19. aldar í Bretlandi. Þær voru hannaðar með það í huga að fólk með svipuð áhugamál gæti komið saman og fræðst og rætt um áhugamálið. Fyrstu ráðstefnumiðstöðvarnar voru oft mjög stórar og þar var að finna fyrirlestrasali, bókasöfn, sali fyrir listsýningar, leiksýningar og ýmiss konar aðrar sýningar.

Ein fyrsta slíka miðstöðin var Crystal Palace í Hyde Park í London. Þar var að finna 92.000 fermetra af sýningarrýmum. Byggingin var reist árið 1851 til að hýsa risastóra tækni- og hönnunarsýningu sem fór fram í maí það ár. Yfir 14.000 manns sýndu nýjustu tækni á sýningunni. Þessi glæsilega bygging stóð því miður ekki lengi en hún varð eldi að bráð árið 1936.



Það getur tekið á að sinna viðburðastjórnun og ýmislegt getur farið úrskeiðis. NORDICPHOTOS/GETTY

Algeng mistök viðburðastjóra

Hér eru fjögur algengustu mistök viðburðastjóra og hugmyndir að lausnum við þeim.

■ **Of hár kostnaður:** Til að óvæntir kostnaðarliðir skemmi ekki fyrir er gott að byggja varasjóð inn í kostnaðaráætlunina. Þá er auðveldara að mæta þeim án þess að kostnaður keyri fram úr hófi.

■ **Svefnleysi:** Viðburðastjórnun getur tekið á og svefnleysi leiðir til þreytu og einbeitingarleysis. Það þarf því að gera ráð fyrir nægum hvíldartíma á hverri nóttu, svo frammistöðunni hraki ekki.

■ **Léleg samskipti:** Skortur á góðum og skýrum samskiptum er algengt vandamál þar sem oft koma margir að skipulagi viðburða. Því er mikilvægt að vera í góðum og stöðugum samskiptum við alla sem koma að skipulaginu.

■ **Skortur á eftirliti með dag-skrárbreytingum:** Það er algengt að það verði breytingar á dagskrá áður en viðburður á sér stað. Þess vegna er gott að hafa eitt miðlægt skjal sem allir sem koma að skipulaginu hafa aðgang að þar sem allar breytingar eru skráðar umsvifalaust.

Góður ræðumaður

Góður ræðumaður nær bestum árangri ef hann leggur áherslu á eitt málefni í stað flókinna úrskýringa á endalausum gögnum. Til að ná eyrum áheyrenda er betra að hafa ræðuna eins og samtal. Skilaboðin þurfa að vera einföld, markviss og skýr. Hafðu ræðuna stutta, helst ekki lengri en tíu mínútur.

Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, er sagður snillingur í ræðuholdum vegna þess að honum

tekst vel að halda augnsambandi við fólk. Hann er gjarnan kallaður „a master of eye contact“. Gott augnsamband lætur fólki finnast eins og það taki persónulega þátt í ræðunni og áheyrendur eru líklegri til að sannfærast þegar það gerist.

Ef það er sannfærandi kraftur í frásögn ræðumanns búa áhorfendur sér til sögur í huganum sem eru óflugt tæki til að koma hlutunum til skila á nákvæman hátt.



Bill Clinton þykir einstaklega góður ræðumaður.



Sóma Veislubakkar

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

GAMLI GÓÐI



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur. Rækjusalat.

EDALBAKKI



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix. Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir. Kjúklingur, rautt pestó, sýður rjómi, paprika, salatmix.

LÚXUSBAKKI



20 bitar fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa. Kjúklingur, egg, lauksósa. Reyktur lax, issalat.

PÍTUBAKKI



24 bitar fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og issalat. Reykt skinka. Eggja- og issalat.

PARTÝBAKKI



20 bitar fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spinat. Fetaostur, rauðlaukur, spinat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spinat, lauksósa.

VEISLUBAKKI



30 bitar fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, issalat. Tikka masala kjúklingur, issalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns

Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstöðum og framboði.

DESERTBAKKI



50 bitar fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kökostoppur með súkkulaði.

KÖKUBAKKI



24 bitar fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi. Gulrótarkaka með rjómaostakremi. Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á bodstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría

heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf þakka eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is

FERSKT Á FERDINI ★ FRESH TO GO



ÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR

Risa útsala er hafin í Curvy!!

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða komdu í verslun okkar við Grensásveg



Kjól
5.593 kr
7.990 kr-



Túnika
6.293 kr
8.990 kr-



Blúsa
4.193 kr
6.990 kr-



Jakki
9.093 kr
12.990 kr-



Skór
8.393 kr
11.990 kr-



Bolur
2.495 kr
4.990 kr-



Brjóstahaldari
6.293 kr
8.990 kr-



Toppur
4.193 kr
6.990 kr-



Glimmer buxur
6.293 kr
8.990 kr-



Úlpa
11.893 kr
16.990 kr-



Buxur
7.693 kr
10.990 kr-



Úlpa
10.493 kr
14.990 kr-

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

BK BÓKHOLD EHF.
Ég tek að mér ráðgjöf og bókhald fyrir lítil fyrirtæki og einstaklinga. Fjárhagsbókhald, VSK uppgjör, launabókhald, ársreikningagerð, skattframtöl ofl.
Vinsamlegast hafið samband í tölvupósti bjorn@bkbokhald.is eða síma 858 6565

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK, Laun.
Gott verð, góð þjónusta.
KH bókhald sími 623 2843.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.


Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.



Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

FRISTUNDABIL.
TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Atvinna

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.IS

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

AUGLÝSING UM SAMÞYKKT OG GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSÁÆTLANA Á ÁLFTANESI Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 21.11.2019 eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breiðamýri, Krókur, Helguvík og Kumlamýri.

Tillögurnar voru auglýstar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir bárust og hefur þeim verið svarað með umsögn sveitarstjórnar.

Við gildistöku deiliskipulags Breiðumýrar, Króks og Kumlamýrar fellur úr gildi deiliskipulagið „Grænn Miðbær á Álftanesi“ sem samþykktur var í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 26. júlí 2008.

Tillögurnar hafa öðlast gildi og var auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 23.12.2019, nr. 1235/2019

Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst.

Staðfestar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/samthykkt-baejarstjornar/>

Ákvarðanir bæjarstjórnar um deiliskipulagsáætlanir eru stjórnvaldsákvæðanir sem eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsáætlunar í B-deild Stjórnartíðinda.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



GÓÐIR Í VETUR



TOYOTA Land cruiser 150 vx 33 dekk.
Árgerð 2015, ekinn 86 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.
Verð 6.990.000.
Rnr.117160.



FORD F150 platinum ecoboost 37" dekk.
Árgerð 2018, ekinn 29 P.KM, bensín, sjálfskiptur 10 girar.
Verð 12.490.000.
Rnr.117126.



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2017, ekinn 11 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.
Verð 6.950.000. Rnr.213439.



MERCEDES-BENZ GLE 250 d 4matic.
Árgerð 2018, ekinn 67 P.KM, dísel, sjálfskiptur 9 girar. **Verð 7.990.000.**
Rnr.117103.



VOLVO Xc90 t8 twin engine inscription.
Árgerð 2018, ekinn 27 P.KM, bensín, sjálfskiptur 8 girar. **Verð 7.980.000.**
Rnr.360754.



NISSAN X-trail acenta plus.
Árgerð 2018, ekinn 120 P.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.390.000.**
Rnr.213994.



KIA Sorento ex 7 manna. Árgerð 2018, ekinn 96 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar.
Verð 4.890.000.
Rnr.213960.



TOYOTA Rav4 gx. Árgerð 2018, ekinn 85 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000.
Rnr.360840.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR



TOYOTA Yaris live tss.
Árgerð 2018, ekinn 36 P.KM, bensín, 5 girar. **Verð 1.490.000.**
Rnr.213461.



VOLVO V60 d6 dísel/rafm awd summum plug in. Árgerð 2018, ekinn 9 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 4.490.000.**
Rnr.117104.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2017, ekinn 178 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 5.490.000.**
Rnr.117163.




Bílafjármögnun Landsbankans



Áratugum en frá árinu 1900 hefur meðalævin lengst um nálægt tvo til þrjá mánuði á ári, eða um 19-28 ár. Áhrifin á lífeyrissjóði eru veruleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meðaltal 7 ára raunvaxta í þróuðum ríkjum



bindinga. Ef munur á milli eigna og skuldbindinga verður meiri en fimm prósent í samfelld fimm ár eða meiri en 10 prósent í eitt skipti þá hvílir lagaskylda á lífeyrissjóðum að bregðast við til að laga tryggingafræðilega stöðu. Þeir geta gripið til þess að skerða réttindi, hækka iðgjöld í samtryggingu eða hækka lífeyristökuáldur, eða blöndu af þessu.

„Rétt er að hafa í huga að almennt eru lækkandi vextir jákvæðir fyrir hlutabréfamarkað og því þarf að hafa á ávöxtun eignasafnsins í heild sinni varðandi mat á ávöxtunarviðmiðinu. Langtímaávöxtun allra eigna sjóðanna, ekki eingöngu skuldabréfa, ræður því ásamt lýðfræðilegum þáttum hvort þeir nái að standa við skuldbindingar sínar,” segir Arnaldur.

„Mikilvægt er að ávöxtunar-

viðmiðið sé sem næst raunhæfum væntingum um ávöxtun sem sjóðirnir gætu náð til lengri tíma. Hún þarf ekki nauðsynlega að vera jöfn áhættulausum vöxtum heldur sem næst væntri ávöxtun heildareigna lífeyrissjóðanna. Ef talið er að vænt raunávöxtun sé orðin lægri en 3,5 prósent er vissulega ástæða til að meta hvort breyta eigi ávöxtunarviðmiðinu.“

Skóða þarf erlendar útfærslur

Hins vegar þarf að fara varlega í breytingar að mati Arnaldar. Meta þarf hvort breytingarnar séu nauðsynlegar, hvers konar breytingar eigi að gera, hvaða áhrif þær myndu hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna og til hvaða aðgerða eigi að grípa ef laga þarf stöðu þeirra.

„Mikilvægt er að læra af öðrum

Neikvæðir vextir eru ekki frávik

Ný rannsóknarritgerð Paul Schmelzing, prófessors við Yale-háskólann, varpar ljósi á það að á síðustu 600 árum hafi raunvextir í þróuðum ríkjum lækkað um 1 prósent að jafnaði á hverjum 60 árum. Í umfjöllun Bloomberg segir að niðurstaðan sé á skjön við þá skoðun margra að eðlilegt raunvaxtastig sé á bilinu 2-3 prósent. Samkvæmt henni hefur raunvaxtastigið ekki verið 3 prósent síðan árið 1866. Niðurstaðan bendir til þess að núverandi vaxtastig sé í samræmi við gang hagsögunnar og engin ástæða sé til að breyta um stefnu til að

þrýsta upp raunvöxtum.

Ritgerð Schmelzing sýnir einnig fram á það að neikvæðir vextir séu ekki tímabundið frávik heldur hafi þeir nær alltaf verið til staðar. Í raun sé eina tímabilið án neikvæðra vaxta árin 1983 til 2008. Hefðbundna sjónarmiðið er það að fjármálakrisan árið 2008 hafi leitt hagkerfi Vesturlanda inn í óvenjulegt ástand en samkvæmt Schmelzing markaði krisan afturhvarf frá óvenjulegu ástandi sem varði í 25 ár. Á næstu áratugum eiga þróuð ríki von á að búa við neikvæða vexti um fjórðung tímabilsins.

erlendum lífeyrissjóðum sem hafa haft annað en fast ávöxtunarviðmið eða breytt sínu viðmiði og þeim áskorunum sem þeir stöðu frammi fyrir,” segir Arnaldur.

„Ég tel rétt að það sé lagt mat á hvort ætti reglulega að endurskoða viðmiðið, sem er ákveðið af fjármálaráðuneytinu samkvæmt reglugerð. Við slíka endurskoðun væri ákveðið hvort viðmiðið væri óbreytt eða ekki. Mikilvægi ávöxtunarviðmiðs við mat á skuldbindingum er þess eðlis að það má færa rök fyrir því að óeðlilegt sé að það standi í stað í mörg ár eða áratugi án þess að metið sé með formlegum og gagnsæjum hætti hvort þurfi að endurskoða það.“

Óhjákvæmilegar breytingar

Annar þáttur sem gæti valdið töluverðu vanmati á stöðu íslensku lífeyrissjóðanna eru vaxandi lífslík-

Skuldbindingar hefðu aukist um 9,8 prósent

Tryggingafræðileg athugun byggir á forsendum um lífslíkurlífeyrissjóðum og máka og væntar lífeyrissjóðum og framtíðar-iðgjöld eru núvirt með föstum vöxtum. Í nóvemberhefti Fjármála, vefrits Fjármálaeftirlitsins, árið 2015 var greint frá niðurstöðum athugunar á tryggingafræðilegri stöðu miðað við spá um áframhaldandi lækkun dánartíðni frá þeim tíma. Þar kom fram að áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda hefðu verið 9,8 prósentum hærri ef miðað væri við spá um áframhaldandi lækkun dánartíðni. Áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóða með ábyrgð launagreiðenda, það er ríkis og sveitarfélaga, hefðu aukist um 7,8 prósent miðað við sömu forsendur.

tveir áratugir eru liðnir af 21. öldinni eru samsvarandi tölur 80 til 84 ára aldur. Síðustu tvo áratugi hafa forsendur um dánartíðni verið endurskoðaðar á þriggja til fimm ára fresti en þær gera hins vegar ekki ráð fyrir því að lífslíkurlífeyrissjóðum.

„Lenging á meðalævi er jákvætt viðfangsefni en það kostar að lifa lengur og fyrir lífeyrissjóði og almannatryggingar sem greiða ævilangan lífeyri. Lengri meðalævi þýðir að ekki er hægt að greiða óbreyttan lífeyri ef iðgjöld, skattar og eftirlaunaaldur breytast ekki. Fyrir eða síðar verða sjóðirnir og ríkið að bregðast við með því að lækka mánaðarlegar lífeyrissjóðum og dreifa þeim á lengri tíma, eða hækka iðgjöld eða hækka eftirlaunaaldur eða með blöndu af þessu öllu,” segir Gunnar.

Breyting krefst samstöðu

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lagði til fyrir nokkrum árum að breyta forsendum við gerð dánar- og eftirlifendatafna sem eru notaðar í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða. Í stað þess að reikna lífslíkurlífeyri út frá reynslu í fortíðinni lagði félagið til að líkurnar yrðu reiknaðar út frá spám um þróun í framtíðinni sem byggir á því að meðalævi landsmanna muni halda áfram að lengjast.

„Þessi breyting myndi þýða nokkra aukningu skuldbindinga í eitt skipti en á móti kæmi að lífeyrissjóðirnir myndu ekki fá högg á 3-4 ára fresti eins og á liðnum árum, eða þegar skuldbindingar hafa aukist í kjölfar endurnýjunar á lífslíkum sem byggja á reynslu næstu ára á undan. Þetta gæti haft áhrif á réttindi og eftirlaunaaldur sjóðfélaga. Áhrifin yrðu minnst hjá þeim sem eru að fara fljótlega á lífeyri en meiri hjá þeim sem fara á lífeyri eftir langan tíma.

Menn hafa ekki viljað stíga þetta skref nema það sé samstaða um að gera það hjá öllum sjóðum og helst almannatryggingum líka,” segir Gunnar og bætir við að nokkrir lífeyrissjóðir noti nú sérhæfðar dánar- og örorkulíkur til að meta skuldbindingar sjóðanna. Hjá sjóðum með lengri meðalævi en meðaltal, eins og til dæmis hjá Almenna lífeyrissjóðnum, hafi því nú þegar verið stigið skref í þessa átt með því að reikna með hærri langlífisþyrði en áður.

Gylfi Magnússon segir erfitt fyrir staka lífeyrissjóði að taka af skarið og auk þess sé ekki til vinsælda fallið að færa verðmæti milli kynslóða. Því séu breytingar flóknar út frá hagfræðilegum og pólitískum sjónarhóli. „Einn eiginleiki lífeyrisskerfisins er sá að það er nátegn og byggt á kjarasamningum þannig að hugsanlega þyrftu menn að leysa þetta með einhvers konar snúningi sem samið væri um í kjarasamningum. Það væri ekki gott ef ríkisvaldið gripi beint inn í og þvingaði fram eitthvað sem væri ígildi breytinga á kjarasamningum.“

Það væri æskilegra að vera með lífeyrisskerfi þar sem millifærslur milli kynslóða gætu ekki átt sér stað með jafn auðveldum hætti.



Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við HÍ

Meðalævi einstaklinga á Vesturlöndum hefur lengst mikið á undanförunum árum og áratugum en frá árinu 1900 hefur meðalævin lengst um nálægt tvo til þrjá mánuði á ári eða um 19-28 ár. Í byrjun 20. aldarinnar var hægt að reikna með að hver nýfæddur einstaklingur næði 50 til 60 ára aldri en þegar nærri

Skotsilfur



Þykir líkleg

Nokkra athygli vakti í liðinni viku þegar í ljós kom að **Rannveig Sigurðardóttir**, sem á meira en þrjú ár eftir af skipunartíma sínum sem vara-seðlabankastjóri, hefði sótt um embætti ríkissáttasemjara. Vitað er að hún og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hafa ekki átt skap saman og hefur það sett mark sitt á samstarf þeirra frá því að Ásgeir tók við starfi sínu síðasta sumar. Er umsókn hennar þannig talin til marks um að hún leiti nú útgöngu-leiðar úr bankanum. Hún þykir, ásamt Gylfa Arnbjörnssyni, líkleg til þess að hreppa embættið og er þá meðal annars horft til reynslu hennar af vinnumarkaðsmálum úr fyrri störfum hjá ASÍ og BSRB.



Hættur hjá Valitor

Haldór Bjarkar Lúðvígsson, sem hefur setið í framkvæmdastjórn Valitors, lét af störfum í síðasta mánuði. Haldór Bjarkar hefur staðið, ásamt Viðari Þorkelssyni forstjóra, að baki stóruaknum fjárfestingum Valitors í alþjóðlegri starfsemi, svonefndum alrásarlausnum, á síðustu árum en sala á umræddum lausnum ekki staðið undir væntingum. Félagið vinnur nú að því að vinda ofan af þeim vanda sem fjárfestingarnar sköpuðu með miklum uppsögnum, einkum erlendis, en starfsfólki þess hefur fækkað um niútiú alls á síðustu sex mánuðum.



Nýr yfir Costco

Steve Pappas, sem hefur borið ábyrgð á rekstri Costco á Íslandi frá því að bandaríska verslanakeðjan hóf innreið sína á héraðslendan markað snemma ári 2017, hætti nýverið störfum hjá keðjunni. Við starfi hans tekur Louie Silveira sem hefur starfað innan Costco-samstæðunnar um margra ára skeið, nú síðast sem svæðisstjóri keðjunnar í Taívan. Pappas gegndi starfi aðstoðarforstjóra Costco í Evrópu.



Stóraukin eftirspurn Kínverja eftir kopar



Verkamaður vinnur með kopar í verksmiðju í Sjanghæ í Kína. Innflutningur á málminum til Kína stórkjóst á síðustu mánuðum undangengins árs vegna aukinnar bjartsýni um að samkomulag sé í sjónmáli á milli Bandaríkjanna og Kína um nýjan viðskiptasamning og endalok tollastríðsins sem þjóðirnar tvær hafa háð. Heimsmarkaðsverð á kopar hefur hækkað af sömu sökum en það náði sjö mánaða hámarki í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

Vextir og nýsköpun



Agnar Tómas Möller
forstöðumaður
skuldabréfa hjá
Júpiter

Þótt það hljómi sem vel tuggin klisja, þá stendur íslenskt hagkerfi raunverulega á tímamótum. Eftir hið langa velsældarskeið sem drifið hefur verið áfram af útflutningsgreinum stöndum við á krossgötum því ekki er augljóst hvað muni taka við, þ.e. hvað muni auka velsæld okkar horft fram á veginn. Atvinnulífið er að hagræða og greiða niður skuldir í stað þess að fjárfesta. Opinberi geirinn hefur blásið út og getur ekki lengur haldið aftur af atvinnuleysinu með fjölgun opinberra starfa. Þrátt fyrir mikla kaupmáttaraukningu og sögulega lágt neyslustig, mun hægagangurinn og atvinnuleysið skapa óöryggi meðal almennings sem mun fara sér hægt í neyslu og fjárfestingum við slíkar aðstæður. Það blasir því við að til að blása lífi í hagvöxt á ný, þarf í fyrsta lagi hið opinbera að ráðast í

arðbærar opinberar fjárfestingar og í öðru lagi þarf aukna fjárfestingu í sprotafyrirtækjum og frumkvöðlastarfsemi til að leggja grunn að hagvexti og skapa spennandi og vel borgandi störf í framtíðinni.

Hið fyrrnefnda er alfaríð á höndum ríkisvaldsins en líklega geta fáir haft jafnmikil áhrif á hið síðarnefnda og peningastefnan, einkum við þær aðstæður sem nú eru uppi. Lágir vextir og magnbundin íhlutun síðastliðinn áratug í þróuðum hagkerfum hafa einmitt ýtt undir gríðarlegar fjárfestingar í tækni og tæknifyrirtækjum á alþjóðavísu – þróun sem hefur átt þátt í að þrýsta verðbólgu og vöxtum enn frekar niður þar sem ný tækni hefur haldið niðri launum og framleitt hluti með hagkvæmari hætti.

Nýjum seðlabankastjóra hefur einmitt orðið tíðrætt um mikilvægi þess að nýsköpun og sprotafyrirtæki fái aðgang að fjármagni til að undirbyggja hagvöxt Íslands til framtíðar. Óhætt er að segja að þar sé mikið verk óunnið – áhættulausir raunvextir á skuldabréfamarkaði til eins árs eru í dag talsvert yfir 1% og endurspegla væntingar fjárfesta um framtíðar raunvaxtastig næsta árið. Þótt nafnvextir Seðlabankans hafi lækkað hafa raunvextir hans ekki gert það og eru svipaðir eða hærri

Af hverju ætti fjárfestum að vera umbunað umfram verðbólgu fyrir enga áhættu í því ástandi sem nú ríkir?

en á seinasta ársfjórðungi 2018. Þrátt fyrir algjöra umpólun íslensku efnahagslífi hefur peningalegt aðhald bankans verið að meðaltali 1,9% seinustu 12 mánuði, miðað við ársverðbólgu (2,0%) og ársmeðaltal meginvaxta (3,9%) – lygilega hátt.


Í útvarpsviðtali nú í upphafi árs ræddi seðlabankastjóri á ný um mikilvægi þess að fjármagn fari í fjárfestingar sem stuðli að nýsköpun og framleiðniaukningu og sagði hann við það tilefni að Seðlabankinn „geti fundið leiðir til að frumkvöðlar fái fjármagn“. Það fjármagn mun hins vegar ekki koma úr bankakerfinu í formi útlána einum saman heldur fyrst og fremst frá fjárfestum, hvort sem er í gegnum lánsfé eða hlutafé. Besta leiðin til að stuðla að því væri að gefa skýr skilaboð um að í hagkerfi sem er ekki að vaxa, býr við vaxandi slaka á vinnumarkaði og lága verðbólgu, verði raunvextir ekki rúmlega 1% eins og nú, ekki einu sinni hálf prósent heldur í besta falli núll pró-

sent. Því af hverju ætti fjárfestum að vera umbunað umfram verðbólgu fyrir enga áhættu í því ástandi sem nú ríkir?

Í því sambandi er það áhyggjuefni að bjartsýnar hagfræðispár og raunvaxtaliðin hagdeildar Seðlabankans lýsa hagkerfi og hagsveiflu sem varla er hægt að segja að sé lengur til. Er það ekki síst áhyggjuefni þegar ljóst er að líkón hagdeildarinnar eru að villa peningastefnufund bankans sýn við ákvarðanatöku. Óskandi væri að nefndin myndi fara að forðæmi starfsbræðra og -systra sinna vestanhafs og mynda sér sína eigin skoðun á framtíðar hagvaxtargetu og hlutlausum raunvöxtum hagkerfisins og láta hagkerfið njóta vafans.

Það er mikið af fjármagni sem dvelur í dag í öruggum innlánnum og ríkisskuldabréfum á háum raunvöxtum sem myndi með markverðri lækkun raunvaxta leita í áhættusamari fjárfestingar, fyrst áhættusamari skuldabréf og skráð hlutabréf sem myndi ýta við öðrum fjármunum í leit að nýjum arðbærari fjárfestingum, fjárfestingum í fyrirtækjum í vexti og spennandi hugmyndum. En af hverju að taka þá áhættu þegar það er enn hlýtt í háum raunvöxtum?

Í takt við tímann



Sandra Hlíf Ocares
verkefnastjóri
Íslenska
bygginga-
vettvangsins

Árið 2020 er hafið og 21. öldin orðin fullorðin. Við slík tímamót er vert að líta um öxl á þær viðamiklu breytingar sem síðustu tveir áratugir hafa fært okkur. Það eru þó ekki endilega breytingar sem sumir sáu fyrir sér – það bólar til dæmis enn ekkert á fljúgandi

bílum. Tækninni hefur þó fleygt fram á öllum sviðum atvinnulífsins sem hefur breytt í leiðinni áherslum fólks á lífsgæði og samfélagið í heild. Byggingariðnaðurinn hefur löngum leitt breytingar í heiminum og hefur hugmyndaauði í arkitektúr og skipulagsmálum gjörbreytt borgum í takti við nýjar áherslur fólksins sem þar býr. Þarfirnar breytast, meðvitund eykst fyrir nærumhverfinu og áhrif á lífsgæði og heilsu skipta sífellt meira máli.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað hér á landi á undanförunum árum en betur má ef duga skal. Byggja þarf 55 þúsund íbúðir til viðbótar um land allt ef mæta á þeirri

þörf sem blasir við næstu þrjátíu árin. Þá er ótalin uppbygging í þjónustu og iðnaði.

Það eru reglurnar sem marka byggingaraðilum rammann. En til þess að uppbyggingin gagnist til framtíðar þarf bæði framsýni og sveigjanleika á vettvangi stjórnvalda sem setja þessar reglur. Byggingaraðilar þurfa að hafa svigrúm til að koma nýjum hugmyndum og betri lausnum í framkvæmd til að tryggja vandað húsnæði í takt við tímann. Regluverkið má ekki tefja framfarir, nýsköpun eða uppbyggingu.

Í lok síðasta árs kynnti ráðherra húsnæðismála ítarlegar útfærslur Byggingavettvangsins á tillögum

átakshóps ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum sem stuðla að umbótum í byggingariðnaði, og breytingar á lögum og reglum sem tryggja eiga umrátt svigrúm fyrir byggingaraðila.

